



**SKOÐUN** Auðvitað á Perlan að hýsa náttúrugripasafnið og vera hús náttúrunnar, skrifar Guðmundur Andri. **15**



**MENNING** Myndir af daglegu lífi fólks í Angóla sýndar í Tjarnarsal Ráðhússins. **22**



**SPORT** Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff ætla sér stóra hluti. Aron skoraði sögulegt mark í gær. **28**

Komdu og hlúðu að  
**líkama & sál**  
www.badhusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Mánudagur**

26. ágúst 2013  
199. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR




### Varp í stað vargs

Sjómaður á Rauðarhöfn vill fá að útrýma vargfugli í hólma við bæinn svo endurvekja megi þar fyrri æðarvarp. **10**

**Ferðamenn kaupi meira** Eigandi Icecard segir hægt að selja tíma-bundnum ferðalöngum á skemmti-ferðaskipum meira með sölutjöldum á hafnarbakkannum. **6**

**Fallast á rannsókn** Sýrlensk stjórnvöld ætla að veita fulltrúum Sameinuðu þjóðanna aðgang að vettvangi eiturefnaárásar. **8**



Bolungarvík	9°		SSV	5
Akureyri	12°		SSV	5
Egilsstaðir	13°		SV	4
Kirkjubæjarkl.	10°		SV	3
Reykjavík	11°		SSV	6

**Skúrir** sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðaustan og austan til. Vindur verður fremur hægur og hiti á bilinu 9 til 16 stig. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Velliðan á vinnustað | Fólki



## Mikil fjölgun þyrluútkalla

Fjölgun erlendra ferðamanna og aukin ferðalög Íslendinga innanlands hafa fjölgað neyðarútköllum þyrlusveitarinnar. Útleiga á nýrri flugvél og skipum Gæslunnar til útlanda bjargar rekstri Gæslunnar fyrir horn.

**ÖRYGGSIMÁL** Þátttaka Landhelgisgæslunnar í verkefnum erlendis og leiga á flugvél og skipum Gæslunnar til útlanda hefur tryggt starfsemi þyrlusveitar Gæslunnar á undanförunum árum. Útköllum hjá þyrlusveitinni hefur fjölgað mikið með aukinni ferðamennsku.

Neyðarútköllum þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar hefur fjölgað um 28 prósent fyrstu átta mánuði þessa árs og um 46 prósent miðað við meðaltalsfjölda útkalla síðustu tíu árin. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að útköllum hafi jafnvel fjölgað enn meira yfir sumarmánuðina miðað við sumarið í fyrra. Þetta sé rakið til fjölgunar erlendra ferðamanna og aukningar ferðalaga Íslend-

inga innanlands, þá sérstaklega í áhættusamari ferðum.

Starfsemi Landhelgisgæslunnar er langt frá þeim áætlunum sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórnunum, sem gera ráð fyrir þremur öflugum varðskipum með tveimur á sjó og einu í landi hverju sinni, flugvél við eftirlitsstörf og þremur til fjórum þyrlum.

Eftir hrun segir Georg að einungis hafi tekist að hafa eitt varðskip auk minni báta við veiðieftirlit að jafnaði á sjó. Flaggskip Gæslunnar, Þór, hefur meira

og minna verið í landi frá því í vor og nýleg og fullkomin flugvél Gæslunnar hefur einnig meira og minna verið í verkefnum í útlöndum ásamt einu til tveimur skipum. „Með þessum erlendu verkefnum höfum við náð að halda mannskapnum. Náð að passa reynsluna og þekkinguna sem er til hjá landhelgisgæslunni og sloppið við að segja upp fjölda fólks,“ segir Georg Lárusson.

Erlendar tekjur hafi tryggt að hægt hefur verið að halda úti þyrlubjörgunar-sveit Gæslunnar.

- hmp / sjá síðu 10

Það er spurning hvenær kemur að þeim punkti að það þarf að taka ákvörðun um að leggja einhverju.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.



**GLÆSILEG TILPRIF** Í gær fór fram BMX- og hjólabrettakeppni í bílastæðahúsinu við verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi. Fjölmargir keppendur allt frá tíu ára aldri tóku þátt í mótinu og voru mörg tilprifin einstaklega glæsileg eins og sjá má á þessari mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Staðan á vinstrivængnum:

## Áhugi á kosningabandalagi

**STJÓRNMÁL** Áhugi er fyrir því á vinstrivæng stjórnmálanna að þetta raðirnar fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Flokksráð Vinstri grænna ályktaði um málið á sunnudag fyrir viku.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir stemningu fyrir þessu innan Vinstri grænna. Hún sé opin fyrir því að flokkar á vinstri vængnum gefi annaðhvort yfirlýsingar um samstarf eftir kosningar, eða myndi jafnvel kosningabandalög víða um land.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir styrk núverandi stjórnarflokka ráðast af því að Samfylkingin, burðarflokkur jafnaðarmanna, veiktist í síðustu kosningum. Lausnin sé að efla hana og það megi jafnvel gera í samstarfi við aðra flokka.

-hmp / sjá síðu 2

Æðardúnshreinsari í Reykhólasveit hvetur ráðherra til að breyta lögum:

## Alþjóðlegt uppboð á æðardúni

**VIÐSKIPTI** Jón Sveinsson dúnshreinsari vinnur að því með fjárfestum að koma á fót alþjóðlegu uppboði á æðardúni í Reykjavík.

Jón hvetur ráðherra til þess að breyta lögum til að gera þetta mögulegt.

Hann segir núverandi kerfi ýta undir einokun og spillingu.

„Við sem erum í þessum geira erum verr settir en

kaffibændurnir í Afríku sem fá aðeins einn tuttugasta af kaffiverðinu,“ segir Jón, sem býr á Miðhúsum í Reykhólasveit.

Jón segir Íslendinga sóa dýrmætum tækifærum með því að standa ekki betur að málum varðandi jafn dýrsmæta auðlind.

Erlendis er æðardúnn nýttur í sængur, fatnað og margt fleira sem selt er dýrum dómum.

„Menn geta séð það sjálfir að sængur með íslenskum æðardúni eru seldar fyrir milljónir á japanska vefnum Rakuten.“

Jón segir mikilvægt að fella úr gildi lög um gæðamat á æðardúni frá árinu 2005 en í þeim segir að fullhreinisaður dúnn verði að fá vottorð frá sérstökum dunnsmatsmanni frá ríkinu áður en hann er seldur.

-jse / sjá síðu 4

**Græddu á gulli**

Staðgreiðum allt gull, silfur, platinum, demanta og vönduð úr.

**Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.**

**ERUM Á 3. HÆÐ Í KRINGLUNNI**  
Opíð alla daga frá kl. 11-18

**Upplýsingar og tímabantanir:**  
Sverrir s. 661-7000

**OPÍÐ 24 TÍMA**

**Nú er opíð allan sólarhringinn í Engihjalla**

**Iceland**

**3 DAGAR**

SPURNING DAGSINS



Verður ekki bara að kenna Kínverjum okkar hrognamál? „Jú, en ég hefði haldið að þeir væru sérfræðingar í því.“ Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, vill markaðssetja grásleppuhrogn í Kína en illa hefur gengið að selja hrognin þar ytra.

Forsætisráðherra: Engin þörf á fyrirvörum

**FIÁRMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir óþarfa að setja fyrirvara í fasteignakaupasamninga vegna væntanlegra leiðréttinga húsnæðisskuldna. Í fréttum RÚV í gær sagði hann alla þá sem urðu fyrir tjóni vegna forsendubrests eftir hrun fá leiðréttingu. Þær leiðréttingar muni miðast við þá sem urðu fyrir tjóninu og skipti þá engu máli þótt þeir hafi selt eignir sem stökkbreytt lán hvíldu á. Forsætisráðherra segir fyrirvara í samningum því óþarfa þótt hann skilji að fólk vilji baktryggja sig með þeim.

Löggæsla á Suðurlandi: Áfram sama þjónusta

**SUÐURLAND** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra telur að ekki sé ásættanlegt að fækka lögreglumönnum eða lögreglubíreiðum hjá embætti lögreglustjórans á Selfossi. Þessi afstaða ráðherrans kom fram á fundi sem hún átti með sveitarstjórnun og sýslumönnum á Suðurlandi. Í sumar hefur staðið yfir vinna á vegum rekstrarteymis innanríkisráðuneytisins og stjórnenda löggæslumála á svæðinu. Vinnan gengur vel og miðar öll að því að ekki verði farið í neinar meiriháttar breytingar á þjónustu við svæðið á næstunni. Íbúar og þeir fjölmörgu sem fara um svæðið geti treyst því að þar verði sama lögregluþjónusta veitt framvegis og hefur verið hingað til.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ávarpaði þjóðræknisþing: Getum lært af frændum í vestri

**SAMFÉLAG** Rúmlega 200 þátttakendur voru á þjóðræknisþingi sem haldið var á Hótel Natura í gær. Á þinginu var tilkynnt um skipan sérstaks heiðursráðs félagsins, sem mun meðal annars hafa þann tilgang að efla tengsl Íslendinga við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Þeir Almar Grímsson, fyrrverandi forseti félagsins, og Atli Ásmundsson, fyrrverandi aðalræðismaður í Winnipeg, voru

kjörnir nýir heiðursfélagar í félaginu. Meðal þeirra sem ávörpuðu þingið voru Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og sendiherrar Bandaríkjanna og Kanada á Íslandi. Sigmundur segir Íslendinga geta lært margt um mikilvægi þjóðrækni af frændum okkar í vestri. „Þetta er eitthvað sem fólk sækir styrk í. Við Íslendingar ættum svo sannarlega að geta gert það líka,“ segir Sigmundur.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON OG LUIS ARREAGA Forsætisráðherra með sendiherra Bandaríkjanna.

Katrín vill bandalag vinstrimanna í vor

Ríkur vilji innan Vinstri grænna til að vinstrimenn myndi kosningabandalög fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Katrín Jakobsdóttir segir ótímabært að ræða slíkt bandalag vegna næstu alþingiskosninga en samstarf vinstrimanna sé mikilvægt.

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir stemningu fyrir því innan VG að flokkar á vinstri væng stjórnmálanna hefji samstarf eða myndi kosningabandalög fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor. Ályktun hafi verið samþykkt um þetta á flokksráðfundi flokksins hinn 18. ágúst. „Ég heyri þetta víða í minni hreyfingu og raunar miklu víðar,“ segir Katrín. Samstarf um þetta verði að ráðast af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig. Hún viti hins vegar til þess að þetta sé til umræðu á nokkrum stöðum á landinu. Annaðhvort með yfirlýsingu um samstarf að loknum kosningum eða með kosningabandalagi. „Ég hef alltaf verið málsvari þess að vinstrimenn vinni saman. Í ljósi þess hvaða ríkisstjórn er við völd tel ég að það skipti máli að fólk á þessum væng stjórnmálanna horfi til þess hvernig það geti sem mest og best unnið saman. Við sáum í síðustu kosningum hvernig þessi hópur tvístraðist mjög mikið, þannig að ég er fylgjandi því að það sé skoðað hvernig við getum átt samstarf,“ segir Katrín. Á Eyjunninni í gær var Katrín nefnd sem leiðtogaefni slíks samstarfs. „Það hafa margir komið að máli við mig en ekki um þetta,“ segir Katrín sem kveður mikilvægara að einbeita sér að sveitarstjórnarkosningunum. „Ég skynja áhyggjur fólks af núverandi stjórnarstefnu og hún er afleiðing þess að burðarflokkur jafnaðarmanna veiktist í síðustu kosningum og afl umbótasinnaðs



ÁRNI PÁLL ÁRNASON OG KATRÍN JAKOBSDÓTTIR Katrín hvetur til samstarfs vinstriflokka fyrir sveitarstjórnarkosningar næsta vor.

fólks tvístraðist,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar. Lausnin sé að efla og styrkja burðarflokk jafnaðarmanna. „Við getum gert það í samstarfi við aðra flokka og viljum að sjálfsgöðu að sem flestir komi til stuðnings þeirri hugmynd,“ segir Árni Páll. Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir þessi mál ekki hafa verið mikið rædd innan hennar. Hann reikni með að flokkurinn sem skilgreini sig sem frjálslyndan miðjuflokk, einbeiti sér að sjálfstæðum fram-

“Ég heyri þetta víða í minni hreyfingu og raunar miklu víðar. Samstarf um þetta verður að ráðast af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.” Katrín Jakobsdóttir formaður VG

boðum. Guðmundur segist ekki vilja útiloka neitt þótt hann telji ólíklegt nú að Björt framtíð tæki þátt í bandalagi sem þessu.

Rólegheit á menningarnótt Vel gekk að rýma borgina

**FÓLK** Menningarnótt fór að mestu leyti vel fram að sögn lögreglu og var rólegt að gera hjá henni. Þrátt fyrir mikinn mannfjölda gekk vel að rýma miðborgina eftir að flugeldasýninguna. Flestir fóru heim eftir að hefðbundna dagskrá. Áfengi var tekið af um 25 ungmennum undir lögdri og sex ungmenni voru flutt í athvarf vegna ólvunar. Í öllum tilvikum var haft samband við foreldra eða forráðamenn og Barnavernd verður tilkynnt um atvikin.

Hálf öld frá frægri ræðu: Tugir þúsunda minntust Kings

**BANDARÍKIN, AP** Tugþúsundir manna tóku þátt í minningarathöfn í Washington í gær til að minnst þess að á miðvikudaginn verða 50 ár liðin frá því Martin Luther King flutti þar fræga ræðu sína um draum. „Ég á mér draum,“ sagði King þann 28. ágúst árið 1963. Draumur hans um réttindi þeldökkra hefur ræst að nokkru leyti, en í gær lagði fólk áherslu á að draumurinn eigi líka við um réttindi samkynhneigðra, fátækra, fatlaðra og bandarískra íbúa frá rómönsku Ameríku. „Verkinu er ekki lokið,“ sagði sonarsonur hans og alnafni, Martin Luther King hinn þriðji.



HANDTEKINN Fimmti maðurinn var handtekinn í gær.

Nauðgunin á Indlandi: Fimmti maðurinn handtekinn

**INDLAND, AP** Fimmti maðurinn, sem sakaður er um þátttöku í hópnaðgun í Múmbaí í síðustu viku, hefur verið handtekinn. Málið hefur vakið reiði víða á Indlandi og fjölmargir hafa tekið þátt í mótmælum. Umræður um öryggi kvenna hafa vaknað á ný, með svipuðum hætti og í kjölfar annarrar hópnaðgunar þar í landi í desember. Konan, sem er 22 ára fréttaljósmyndari, liggur enn á sjúkrahúsi en er sögð vera á góðum batavegi. Henni var nauðgað en karlkyns starfsfélagi hennar var barinn illa.

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Finnst þér allir vera að hvísla?

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Björt framtíð telur skattalækkanir og skuldaniðurfellingar vafasamar: Vill róttækni í hagræðingarnefnd

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Bjartar framtíðar sendir hagræðingarnefnd ríkisstjórnarinnar opið bréf sem birtist í Fréttablaðinu í dag. Flokkurinn hvetur hagræðingarnefndina til róttækni og hafnar flötum niðurskurði þar sem stofnunum er gert að hagræða án þess að kafað sé dýpra í starfsemi þeirra. Í bréfi þingflokksins kemur fram að skoða þurfi vel tillögur innlendra og erlendra aðila um hvernig megi bæta nýtingu fjár í íslensku samfélagi. Björt framtíð telur miklar skattalækkanir og skuldaniðurfellingar með fé sem að öðrum kosti gæti gagnast ríkissjóði vafasamar og hvetur flokkurinn nefndina til að skoða vel fórnarkostnað með slíkum aðgerðum. Flokkurinn bendir á að sameining stofnana ríkisins í færri en stærri rekstrareiningar, sem bjóða upp á samræmda þjónustu um land allt, sé forsenda fyrir breyttu skipulagi og uppbyggingu verkferla, með áherslu á ábyrgð og skýra verka-skiptingu. Þó slíkt geti falið í sér kostnað í upphafi þá sé það hagræðing til lengri tíma liðið. Flokkurinn hvetur nefndina til þess að horfa til lengri



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON Formaður Bjartrar framtíðar hvetur hagræðingarnefnd til að horfa til lengri tíma.

tíma, bæði í tekjum og útgjöldum ríkisins. Björt framtíð telur að með því geti stofnanir samfélagsins gert langtímaáætlanir og þurfi ekki að vera háðar óvissu fjárlaga hvers árs.

FIND **NEW** ROADS™



# PLÁSS OG KRAFTUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

7 SÆTA • DÍSEL • 184 HESTÖFL • 6 ÞREPA SJÁLFSKIPTING



## NÝR CAPTIVA

Nýtt útlit  
og aukinn  
búnaður  
[benni.is](http://benni.is)

Chevrolet Captiva sportjeppinn er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans við erfiðustu aðstæður. Captiva er einn vinsælasti jeppinn á Íslandi enda er hann áberandi fallegur og býðst á frábæru verði.



Chevrolet Captiva LT 2.2 I • dísel • ssk  
**Verð: 6.490 þús. kr.**

Kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á [benni.is](http://benni.is)

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

#### Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bílaúð  
Benna**  
— Sérfræðingar í bílum —

SVONA ERUM VIÐ



**324 þúsund manns búa á Íslandi, eða litlu færri en íbúar á Bahamaeyjum en nokkru fleiri en íbúar Maldíveyja.**

Við erum tæplega hálfur tíuþúsundasti hluti mannkynsins alls. Okkur hefur fjölgað um helming frá árinu 1957, þegar við vorum 162 þúsund.

Heimild: Hagstofan

Pirraðir ökumenn áttu í vandræðum með að sætta sig við lokaðar götur á menningarnótt:

# Ökumaður keyrði á björgunarsveitarmann

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á björgunarsveitarmann á menningarnótt af ökumanni sem var ósáttur við að komast ekki leiðar sinnar vegna lokaðra gatna. Atvikið átti sér stað um miðjan dag á horni Garðastrætis og Vesturgötu með þeim afleiðingum að björgunarsveitarmaðurinn þurfti að leita á slysadeild vegna áverka.

Kallað var til lögreglu og mun málið vera í eðlilegum farvegi. Daníel Eypór Gunnlaugsson, fulltrúi svæðisstjórnar björgunar-

sveita höfuðborgarsvæðisins, segir þetta í fjórða skiptið á undanförunum árum sem ekið er á á björgunarsveitarmann við störf sín á menningarnótt. „Því miður hefur það gerst að fólk virðir ekki þær lokanir sem við stöndum í. Í þessu tilviki var ökumaður á miðjum aldri ósáttur við okkar störf og ók beint framan á björgunarsveitarmann sem stóð við vegahindrun á meðan annar björgunarsveitarmaður stóð og ræddi við ökumanninn við bílinn. Kallað var til

lögreglu en til marks um óskammfeilni ökumannanna snéri farþegi bifreiðarinnar síðar á staðinn og hélt áfram að ausa úr skálum reiði sinnar við björgunarsveitafólk.“

Daníel Eypór segir atkvikið ekki kalla á breytt vinnubrögð björgunarsveita sem starfi í umboði lögreglu þessa nótt. „Við lítum málið alvarlegum augum og það er ágætt að fólk hafi það í huga að þetta er sama fólkíð og leggur í sig í mikla hættu í björgunar- aðgerðum allt árið um kring.“ - hó



**DANÍEL EYPÓR GUNNLAUGSSON** Fulltrúi svæðisstjórnar björgunarsveita höfuðborgarsvæðisins segir atvikið hafa verið kært til lögreglu.



**BARIST VIÐ ELÐINN** Þúsundir bygginga eru í hættu í Yosemite og víðar í Kaliforníu. NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir slökkviliðsmanna glíma við gróðurelda í Kaliforníu:

## Illa gengur að ráða við eldana

**BANDARÍKIN, AP** Nærri þrjú þúsund slökkviliðsmenn reyna að ráða niðurlögum gróðurelda í jaðri Yosemite-þjóðgarðsins í Kaliforníu. Þrátt fyrir það hefur útbreiðsla eldanna stækkað.

Notast er við þýrlur og flugvélar, sem varpa vatni og eldvarnar-efnum á eldana. Þúsundir bygginga eru í hættu.

Eldarnir í Yosemite eru þeir stærstu og illviðráðanlegustu af mörgum fleiri skógar- og gróðureldum sem geisa nú í Kaliforníu. Alls hafa meira en átta þúsund slökkviliðsmenn verið kallaðir út í Kaliforníu allri til að glíma við þessa elda.

Spáð er hvössum sunnanvindi áfram, sem gerir eldana enn illviðráðanlegri. - gb

## Prettán hermenn myrtir: Friðarviðræður hefjast á ný

**KÓLUMBÍA, AP** Stjórnvöld í Kólumbíu skýrðu frá því í gær að friðarviðræður við skæru- liðasamtökin FARC muni brátt hefjast á ný á Kúbu.

Þetta var tilkynnt fácinum klukkustundum eftir að skæru- liðar höfðu setið fyrir hermönnum og drepð þrettán þeirra.

Sest verður að samninga- borðinu í dag og stefnt er að þjóð- aratkvæðagreiðslu um væntan- legt samkomulag samhliða þingkosningum á næsta ári.

- gb

## Óeirðir í Búrma: Búddistar báru eld að húsum

**BÚRMA, AP** Múgur búddista brenndi til grunna tugi húsa og verslana í eigu múslima í þorpi einu norðvestantil í Búrma.

Lögreglan segir að óeirðirnar hafi brotist út eftir að fréttir bárust af því að múslimi hefði nauðgað konu í þorpinu.

Árásarmaðurinn var handtekinn en hópur manna safnaðist saman fyrir utan lögreglustöðina og krafðist þess að hann yrði afhentur þeim. Þegar ekki var orðið við þeirri kröfu tók mannfjöldinn að kveikja í húsum. - gb

# Alþjóðlegt uppboð á æðardúni á Íslandi

Æðardúnshreinsari hvetur til þess að ráðherra breyti lögum svo hann geti komið á fót alþjóðlegu æðardúnssuppboði í Reykjavík. Hann segir núverandi kerfi ýta undir einokun og spillingu. Æðardúnssængur seljast dýrum dómum í Japan.

**VIÐSKIPTI** Jón Sveinsson, dún- hreinsari og útflytjandi á Mið- húsum í Reykhólasveit, vinnur að því með fjárfestum að koma á fót alþjóðlegu uppboði á æðardúni í Reykjavík.

Jón segir að þó talað sé um að gott verð fáið fyrir æðardún um þessar mundir sé það hjóm eitt miðað við það verð sem fæst fyrir dúninn fullunninn.

„Við sem erum í þessum geira erum verr settir en kaffibændurnir í Afríku sem fá aðeins einn tuttugasta af kaffiverðinu,“ segir Jón. Æðardúnn er nýttur erlendis í sængur, fatnað og margt fleira sem selt er dýrum dómum. „Menn geta séð það sjálfir að sængur með íslenskum æðardúni eru seldar fyrir milljónir á japanska vefnum Rakuten. Ég sá eina um daginn sem var sett á fjörutíu milljónir. Það var ekki innsláttarvilla. Svo er æðardúnn einnig notaður í kuldaþakka sem aðeins er á færi milljónamæringa að kaupa.“

Jón segir Íslendinga sóa dýr- mætum tækifærum með því að standa ekki betur að málum varðandi jafn dýramæta auðlind og íslenski æðardúnninn. „Við ættum að gera það sama og Danir gera varðandi minkaskinnið sem selt er á rokverði á uppboði í Kaupmanna- höfn ár hvert,“ segir hann. „Þannig skapast gegnsæi varðandi verð- myndun og þannig er komið í veg fyrir að einokun skapist við sölua, bæði hér heima og í löndum eins og Japan þar sem mikið af henni selst.“



**JÓN SVEINSSON MEÐ DÚNINN** Útflytjandinn segir gamaldags hugsunarhátt valda því að Íslendingar missa af miklum tækifærum og fé við æðardúnssölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Þá segir Jón mikilvægt að fella úr gildi lög um gæðamat á æðar- dúni frá árinu 2005 en í þeim segir að fullhreinisaður dúnn verði að fá vottorð frá sérstökum dúnmat- smanni frá ríkinu áður en hann er seldur. „Á venjulegum markaði er ekki þörf á manni frá ríkinu sem segir hvað er nógu gott til sölu og hvað ekki. Hægt er að flokka dúninn eftir gæðaflokkum og ef einhver vill kaupa dún af minni gæðum, eigum við þá ekki að leyfa honum það?“ spyr Jón.

Enn fremur segist Jón vilja fá leyfi til að tina dúninn erlendis. „Þetta er tímafrekur og dýr verk-

þáttur, þannig að ég vil flytja þræl- dóminn úr landi en flytja arðinn inn,“ bæti hann við.

Að sögn Jóns eru fjárfestar spenntir fyrir hugmyndinni. „En svo að þetta gangi eftir þarf að fella lögin úr gildi og ef þetta gengur eftir verður Ísland þekkt fyrir æðardúninn frekar en Eyja- fjallajökul,“ segir Jón sem kveðst vongóður um að Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra felli lögin úr gildi þó þau hafi verið sett í tíð flokksbróður Sigurðar, Guðna Ágústssonar, sem landbúnaðarráð- herra. jse@frettabladid.is

15% afsláttur

Afslátturinn gildir út ágúst.

**Lyfjaval**

Mjódd Álftramýri  
Bílaapótek Hæðasmára

**APÓTEK**

Lyfjaval.is • sími 577 1160

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

**VÆTUTÍÐ** er fram undan þó úrkomunni sé misskipt milli landshluta og verði mismikil milli daga. Í dag verða skúrir sunnan- og vestanlands og minnkandi væta víða um land á morgun. Á miðvikudag má svo búast við talsverðri rigningu um tíma.

Alicante 28°	Berlín 22°	Friedrichshafen 21°	Las Palmas 26°	New York 28°	Paris 24°
Apéna 33°	Billund 20°	Gautaborg 21°	London 23°	Orlando 31°	San Francisco 20°
Basel 24°	Frankfurt 20°	Kaupmannahöfn 21°	Mallorca 28°	Ósló 21°	Stokkhólmur 21°

**Á morgun**  
Strekkingur með S- og SA-ströndinni annars hægari.

**Miðvikudagur**  
Vaxandi vindur sunnan- og suðvestanlands.

**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veðurfréttamaður



## Náðu 5 stjörnu formi

### Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form.

Glænýtt og enn betra 5\*Fit æfingakerfi sem er byggt á einu vinsælasta æfingakerfi New York.

5\*Fit er æfingakerfi sem konur elska. Æfingarnar eru rólegar en krefjandi og gerðar til að breyta línunum líkamans á kerfisbundinn hátt. Áhersla er lögð á þægilega tónlist.

## 5 stjörnu FIT

5\* Fit æfingarnar eru sérstaklega samsettar styrktar- og teygjuæfingar sem móta fallega vöðva og grenna allan líkamann. Unnið er með eigin líkamsþyngd. Vöðvarnir eru þjálfaðir að þreytumarki eftir ákveðnu kerfi ofhleðslu og teygjuæfinga. Stífar æfingar fyrir rass, kvið og læri skila þeim grönnum, stínum og stæltum.

### Ávinningar 5 stjörnu FIT æfingakerfisins eru m.a.:

- Fallega mótaður líkami
- Sterk miðja líkamans
- Langir og grannir vöðvar
- Sterkir og vel mótaðir rassvöðvar
- Aukið vöðvapól
- Aukinn liðleiki
- Bætt líkamsstaða
- Aukin beinþéttni

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.



Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

VEISTU SVARIÐ?



- 1. Hvað nefna Kínverjar grásleppuna?
- 2. Hver gefur út app til að þjálfá málþroska barna?
- 3. Hvað er Startup Reykjavík?

SVÖR  
1. Sæguðu. 2. Bryndís Guðmundsdóttir.  
3. Samstarfsverkefni um framskipti.  
fréttablaðið

Samtök meðlagsgreiðenda gagnrýna að ekki sé tekið tillit til ráðstöfunartekna fremur en heildarlauna:  
**Boða drátt á meðlöggunum í desember**

**FÉLAGSMÁL** Samtök meðlagsgreiðenda hafa ákveðið að boða til greiðsluhlés meðlaga í desember ef hið opinbera vill ekki semja við þau. Samtökin munu hvetja meðlagsgreiðendur til að draga greiðslur meðlaga til Innheimtustofnunar sveitarfélaganna um fjórar vikur. Gunnar Kristinn Þórðarson, formaður Samtaka meðlagsgreiðenda, áréttar að gagnaðilar samtakanna í þessari deilu séu stofnanir sveitarfélaganna. „Samtökin vilja að réttur barna

til þess að umgangast báða for-eldra sína sé virtur og að tekið sé tillit til lögboðinna skyldna meðlagsgreiðenda til þess að sinna uppeldisskyldum sínum. Auk þess vilja samtökin að öll viðmið sem lögð eru til grundvallar ívinnunum til handa meðlagsgreiðendum séu opinber og gagnsæ“, segir Gunnar. Gunnar nefnir sem dæmi félagsmann hjá samtökunum sem er með 220 þúsund krónur útborgaðar á mánuði. Þegar maðurinn sem borgar meðlag með tveimur börnum hefur

greitt meðlagið, auk skuldar við Innheimtustofnun og leigu upp á 100 þúsund krónur, eigi hann 45 þúsund eftir til að framfleyta sér og og kosta umgengni við börnin sín. „Eins og staðan er í dag er ekki tekið tillit til ráðstöfunartekna meðlagsgreiðenda heldur heildarlauna“, segir Gunnar. Þá eigi þessi maður ekki rétt á fjárhagsaðstoð þar sem félagsþjónustan lítur á hann sem barnslausan einstakling sem hafi 220 þúsund krónur til ráðstöfunar.



**GUNNAR KRISTINN ÞÓRÐARSON**  
Meðlagsgreiðendur vilja gagnsæi í sínum málum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# HL STÖÐIN

Starfsemi HL stöðvarinnar í Reykjavík hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn **3. september**.

Vinsamlega staðfestið þátttöku í síma **561 8002** eða á **hlstodin@simnet.is**.

# HL STÖÐIN

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga  
Hátúni 14 – 105 Reykjavík – Sími 561 8002



Svo létt á brauðið

Vissir þú að...  
börn ríga ren á aðstoð  
og heil af hollu knúna í ofbeldi



**VIÐ SKARFABAKKA** Einar P. Einarsson hjá Smartcard sér góð tækifæri á að auka verslun farþega skemmtiferðaskipa með sölu-tjöldum á Skarfabakka.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Farþegar í tímaþröng geti verslað í tjöldum

Forsvarsmaður félagsins Icecard vill leyfi fyrir skála til að selja farþegum skemmtiferðaskipa í Reykjavíkurborg „Íslenskt handverk og fleira“. Icecard er hins vegar fallið frá hugmynd um tollfrjálst svæði. Stjórn Faxaflóahafna tekur málið fyrir.

**VERSLUN** „Við teljum að þetta geti skapað góðar tekjur og mikla vinnu fyrir þá aðila sem að þessu koma“, segir Einar Þ. Einarsson hjá Icecard í bréfi til Faxaflóahafna þar sem óskað er eftir aðstoðu fyrir sölutjöld á Skarfabakka. Hugmynd Einars er sú að sett verði upp tvö samtals fimm hundruð fermetra sölutjöld við hlið núverandi þjónustuhúss fyrir ferðamenn á Skarfabakka. Ætlunin sé að bjóða upp á íslenskar vörur; handverk, listmuni og annað á þeim tímum sem skemmtiferðaskip leggi að bryggju. Fyrirtæki og einstaklingar geti leigt þar bása. „Við gerum ráð fyrir í fyrstu að um fjörutíu aðilar verði með

söluaðstöðu og að hver hafi um tíu fermetra sölupláss“, segir Einar í bréfi sínu. Einar bendir á að farþegar skemmtiferðaskipa staldri oftast afar stutt við, oft ekki nema níu til tólf klukkutíma. Margir þeirra velji að fara í skoðunarferðir til að sjá það sem landið hafi upp á bjóða og hafi því ekki tíma til að fara líka í verslunarleiðangur í miðborginni. Þetta fólk hafi hins vegar áhuga á að kaupa minjagrip og sölutjöld við skipshlið gætu mætt því. Að sögn Einar yrði um hreina viðbót að ræða í sölu varnings til þeirra sem í skipunum eru. Ekki sé verið að taka frá verslun í miðborginni. „Þvert á móti“, segir Einar í bréfinu. „Hér er

um aðstöðu [að ræða] sem öllum stendur til boða sem selja íslenskar vörur.“ Erlend skemmtiferðaskip sem hafa viðkomu í Reykjavík leggja flest að Skarfabakka í Sundahöfn. Einar hefur áður óskað eftir að koma þar upp friðhöfn fyrir farþega skipanna, á líkan hátt og gerist í flughöfnum í millilandaflugi. Hafnaryfirvöld sáu þessari hugmynd margt til fyrirstöðu og er Einar nú fallinn frá henni. „Söluaðilar munu selja sína vörur eins og á öðrum stöðum, það er taxfree gegn brottfararspjaldi, er útskýrt í bréfi Einars sem kynnt var á síðasta fundi stjórnar Faxaflóahafna og rætt verður á næsta fundi stjórnarinnar.

gar@frettabladid.is

# Íslenskur vatnsframleiðandi í óvenjulegu markaðsátaki í Mið-Austurlöndum: Bæta umferðaröryggi í Óman

**VIÐSKIPTI** Íslenski vatnsframleiðandinn Iceland Glacier Water undirritaði samning við umferðaröryggisfyrirtækið Accident care í arabíska soldánsdæminu Óman á miðvikudaginn. Í fréttamiðlum í Óman kemur fram að tilgangur samningsins sé að vekja athygli ungra öikumanna á umferðaröryggi og standa vonir til þess að auglýsingaherferð á vegum fyrirtækjanna nái til hundrað þúsund ungmenna þar í landi. Almannatengill vatnsfyrirtækisins í Óman, Eleni Oikono, segir í sömu grein að vatnsflöskur með merki Accidental care verði framleiddar, auk þess sem límmiðar með upplýsingum um umferðaröryggi muni fylgja með flöskunum. Þegar Fréttablaðið hafði samband við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Skeifunni fengust þau svör að það vildi ekki tjá sig um málið. Þá er rétt að benda á að fyrirtækið er ekki það sama og athafnamaðurinn Jón Ólafsson á og rekur en það heitir Icelandic Glacial Water.



**ICELAND GLACIER WATER** Verksmiðja Iceland Glacier er á Rífi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

# Síminn, Spotify og þú

Killed By Death

Motörhead

4:39

Aðalbjörn Tryggvason | Tónlistarmaður

SNJALLPAKKI	SNJALLPAKKI
<b>300</b> 3.490 kr./mán. 300 mín.   300 SMS   300 MB	<b>500</b> 4.990 kr./mán. 500 mín.   500 SMS   500 MB
<b>1000</b> 7.990 kr./mán. 1000 mín.   1000 SMS   1000 MB 3G aukakort í 12 mán.	<b>1500</b> 10.990 kr./mán. 1500 mín.   1500 SMS   1500 MB 3G aukakort í 12 mán.

## Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur uppáhaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

## Veldu Snjallpakka sem hentar þér!

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samning.



Confidence in Motion

# SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

NÝR DÍSIL  
SJÁLFSKIPTURSubaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil  
Verð: 6.990.000 kr.6,4 l / 100 km  
í blönduðum akstriSubaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur  
Verð: 5.790.000 kr.6,5 l / 100 km  
í blönduðum akstriSubaru XV 2.0i, sjálfskiptur  
Verð: 5.390.000 kr.6,6 l / 100 km  
í blönduðum akstriBL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.isGE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622  
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilest. / 470 5070  
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

EINER / SIA / INVERTI

## Egyptskir fjölmiðlar leggja Mubarak og Morsi að jöfnu í frétt aflutningi: Réttarhöldum frestað til hausts

**EGYPTALAND, AP** Tvenn réttarhöld gegn fyrrverandi stjórnvöldum standa þessa dagana yfir í Egyptalandi. Í báðum er deilt um aðild að fjöldamorðum á mótmælendum.

Réttað var í máli gegn Hosni Mubarak í gær, en þeim réttarhöldum var svo frestað til 14. september.

Mubarak hefur verið í haldi síðan í apríl 2011, eða frá því stuttu eftir að honum var steypt af stóli í kjölfar uppreisnar almennings.

Einnig var réttað í máli gegn

Múhamed Badí, andlegum leiðtoga Bræðralags múslima, og fimm öðrum félögum í þeim samtökum. Þeir eru sakaðir um að hafa hvatt til ofbeldis gegn stjórnvöldum eftir að Morsi var steypt af stóli forseta í byrjun júlí. Þeim réttarhöldum var svo frestað til 29. október.

Í egyptskum fjölmiðlum, sem hallir eru undir málstað núverandi bráðabirgðastjórnar, eru bæði Mubarak og Morsi sagðir andstæðingar Egyptalands og stjórnartíðir þeirra að nokkru lagðar að jöfnu.

-gb



**MUBARAK FYRIR DÓMI** Pótt Mubarak sé laus úr fangelsi í bili mætti hann til réttarhalds í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**SÝRLENSKIR HERMENN** Harðir bardagar hafa geisað undanfarna daga milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna í austurhverfum höfuðborgarinnar Damaskus. NORDICPHOTOS/AFP

## Sýrlandsstjórn fellst á rannsókn í Arbin

Yfirmenn herafla Bandaríkjanna og stærstu landa Evrópu hittust í Jórdaníu í gær til að ræða ástandið í Sýrlandi. Viðbrögð Vesturlanda gætu ráðist af niðurstöðu rannsóknar sendinefndar Sameinuðu þjóðanna á vettvangi efnavopnaárásarinnar.

**SÝRLAND** Sendinefnd rannsóknarmanna frá Sameinuðu þjóðunum biður nú í Damaskus eftir leyfi til að komast inn á vettvang efnavopnaárásarinnar sem gerð var í einu úthverfa borgarinnar og kostaði hundruð manna lífið á miðvikudaginn í síðustu viku.

Líkurnar á inngripum Vesturlanda virðast aukast með hverjum deginum, en viðbrögð Vesturlanda ráðast væntanlega af því hver niðurstaðan af rannsókninni verður.

Yfirmenn herafla Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Tyrklands, Kanada, Sáði-Arabíu og Jórdaníu hittust í Jórdaníu í gær til að fara yfir stöðuna. Meðal þess sem hefur komið til skoðunar er að gera loftárásir með svipuðum hætti og gert var í Kosovostríðinu.

Sýrlandsstjórn hótar hins vegar hörðum viðbrögðum, grípi Vesturlönd til þess ráðs að gera árásir á Sýrland.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og fleiri Vesturlöndum segja lítinn vafa leika á, að efnavopnaárásarás hafi verið gerð í síðustu viku, og flest þessi ríki reikna með því að Sýrlandsstjórn beri ábyrgð á henni.

Að sögn hjálparstofnana voru um 3.600 manns fluttir á þrjú sjúkrahús í Damaskus og nágrenni á miðvikudag með einkenni eitrunar. Rúmlega 350 þeirra eru látnir.

Sýrlandsstjórn þvertur fyrir það að bera ábyrgð á árásinni, en sakar þess í stað uppreisnarmenn um voðaverkin. Sýrlandsstjórn segir að uppreisnarmenn með bækistöðvar í Jobar í úthverfi

Damaskus hafi notað efnavopnin.

Rússar hafa reynt að fá Sýrlandsstjórn til að samþykkja rannsókn, en telja að frekar strandi á uppreisnarmönnum sem ekki láta af bardögum til að tryggja efnavopnaeftirliti Sameinuðu þjóðanna örugga leið inn á vettvang árásarinnar.

Sýrlenska ríkisfréttastofan Sana fullyrti svo í gær að Sameinuðu þjóðirnar hafi náð samningum við Sýrlandsstjórn um að sendinefndin fái leyfi til að rannsaka ummerki á vettvangi. Ekki er þó vitað hvenær leyfið fæst.

Harðir bardagar hafa geisað í austanverðum úthverfum Damaskus undanfarna daga. Uppreisnarmenn hafa þessi hverfi að hluta á sínu valdi, en stjórnarherinn reynir að ná þeim úr höndum þeirra.

gudsteinn@frettabladid.is

Kínverskur stjórnmálamaður heldur uppi líflegri vörn í réttarhöldum:

## Annað vitnið lýgur, hitt ruglar

**KÍNA, AP** Vörn kínverska stjórnmálamannsins Bo Xilai, sem sakaður er um víðtæka spillingu, er byggð á einföldum meginatriðum: Annað lykilvitni ákærvaldsins lýgur, hitt er ruglað.

Bo hefur haldið uppi óvenju líflegri vörn við réttarhöldin, sem vakið hafa mikla athygli jafnt innan Kína sem utan.

Hann var með vinsælli stjórnmálamönnum landsins þar til fréttir fóru að berast af spillingu og misbeitingu valds. Þau mál komust í hámmæli þegar eiginkona hans, Gu Kailai, myrti breskan kaupsýslumann á síðasta ári.

Hún hlaut skilorðsbundinn líflátsdóm fyrir morðið fyrr í þessum mánuði.

Ákærvaldið byggir málflutning sinn gegn Bo einkum á vitnisburði eiginkonunnar og lögreglustjórans Wang Lijun, sem var náinn samstarfsmaður Bos.

Bo talar af mikilli sannfæringu þegar hann segir Wang ljúga, en eiginkonu sína vera snarruglaða. Hann er meðal annars sakaður um að hafa misnotað vald sitt til að reyna að koma í veg fyrir rannsókn á morðinu, sem eiginkonan hefur verið dæmd fyrir.

-gb



**BO XILAI** Reynir eftir bestu getu að endurheimta mannorð sitt í réttarsalnum. FRÉTTABLAÐID/AP



## Settilboð ofn og helluborð

Fullt verð kr. 149.800.- **Tilboð kr. 99.900.-**



## Útsala á 5 eldhúslínunum

Kvik fagnar 30 árum með útsölu á 5 flottum eldhúslínunum\*. Nú er bara að grípa tækifærið og kíkja í heimsókn, njóta aðstoðar hönnuða okkar frá hugmynd að veruleika og fá 30% afslátt í leiðinni

... áður en lagerinn tæmist.

**Kvik Reykjavík:** Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500

\* Gildir við kaup á BASIQ eldhúsinnréttingu b.m.t. framhliðar, skápainnvols og sökkjar. Borðplata, vaskur, blöndunartæki, heimilistæki, uppsetning og sendingarkostnaður er ekki hluti af tilboðinu. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

**kvik**   
Eldhús síðan 1983

Óskað eftir áliti NASF:

# Laxeldi gæti skaðað Djúpið

**LAXELDI** Ferðamálasamtök Vest-  
fjarða og fleiri aðilar hafa farið  
fram á ráðgjöf frá Verndar-  
sjóði villtra laxastofna, NASF,  
vegna beiðni um sjókvíaldeldi á  
Ísafjarðardjúpi. Samtökin telja  
að laxeldi af þeirri stærðargráðu  
sem um er rætt geti haft varanleg  
skaðleg áhrif á lífríki Ísafjarðar-  
djúps og valdið fjárhagslegu tjóni  
langt umfram það sem eldið gæti  
gefið af sér. Því eru samtökin  
reiðubúin að kosta athuganir  
erlendra sérfræðinga.

- hrs

Ölvaður undir stýri:

# Ekki runnið af ökumanninum

Einn var tekinn fyrir ölvunar-  
akstur af lögreglunni á Suður-  
nesjum í gærmorgun um klukkan  
11.30.

Að sögn lögreglu hafði öku-  
maðurinn farið út að skemmta  
sér kvöldið áður og farið aðeins  
of snemma af stað um morguninn  
svo ekki var almennilega runnið  
af honum.

Maðurinn var fluttur á lög-  
reglustöð og sleppt að lokinni  
blóðtöku.

Metþátttaka í maraþoni:

# Yfir 70 milljónir í áheitasöfnun

**ÍPRÓTTIR** Þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka voru tæplega 14.300 og er það nýtt þátttökumet. Einnig var slegið met í fjölda erlendra þátttakenda en í ár hlupu yfir 2.000 erlendingar hlauvarar frá tæplega 70 löndum. Bretinn James Buis var fyrstur karla í mark og fyrst kvenna í mark var Melanie Staley sem er einnig frá Bretlandi. Í hálfmaraþoninu komu Kári Steinn Karlsson og Helen Ólafsdóttir fyrst í mark. Áheitasöfnunin slær fyrri met og nú hafa safnast yfir 70 milljónir en í fyrra söfnuðust tæplega 46 milljónir. - hrs

.- hrs

Sjómaður á Raufarhöfn vill fá leyfi til að útrýma vargi á hólma og koma þar upp æðarvarpi:

# Vill æðarvarp í stað vargsfuglastöðvar

**UMHVERFISMÁL** Jón Ketilsson, sjómaður á Raufarhöfn, hefur óskað eftir leyfi bæjaryfirvalda til að koma upp æðarvarpi í hólma undan vitanum þar í bæ.

Hólminn er reyndar þéttsetinn af vargfugli svo Jón óskar einnig eftir undanþágu til að eyða honum. „Ég verð að fá undanþágu frá lögum til að skjóta hann,“ segir hann.

Jón kveðst þekkja vel til æðarvarpa. „Það var mikið æðarvarp þar sem ég ólst upp,“ segir Jón sem er frá Kollavík í Þistilfirði. „En svo

segja mér eldri menn að það hafi verið mikið æðarvarp í hólmanum hér í gamla daga en þegar sildarbræðslan byrjaði árið 1940 kom svo mikill grútur í hafnarmynnið að æðarfuglinn drapst bara.“

Ef öll leyfi fást og vargnum verður komið fyrir kattarnef mun Jón setja dekk út í hólminn sem yður eins konar var fyrir æðar-fuglinn. Strengja síðan band með flögum í sterkum litum milli stika til að fæla varginn frá því að koma sér fyrir að nýju.

Erindið var tekið fyrir á bæjarráðsfundi Norðurbings þann 15. ágúst síðastliðinn og tekin var ákvörðun um að vísa málinu til framkvæmda- og hafnanefndar.

„Ég veit ekkert hvað þeir segja um þetta en hins vegar veit ég að bæjarbúar eru ánægðir með þetta,“ segir Jón. Hann segir að verð á æðardún sé með hæsta móti en að það sé ekki aðalhvatininn fyrir þessum áformum. „Þetta er meira svona hobbí hjá mér,“ segir Jón.

- jse



# Útleiga heldur þyrlum á lofti

Útköllum hjá þýrlum Landhelgisgæslunnar fjölga ört með auknum straumi ferðamanna. Leiga á flugvél og skipum Gæslunnar stendur undir starfsemi þýrlusveitar. Flaggskipið Þór er oftast en ekki bundið við bryggju.

**ÖRYGGISMÁL** Útköllum björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar hefur fjölgað um 28 prósent fyrstu átta mánuði þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra og eru 46 prósentum fleiri en að meðaltali síðustu tíu ár. Fjölgun útkalla í sumar er jafnvel enn meiri. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að rekja megi fjölgun útkalla til aukinnar ferðamennsku og fjölgunar ferðamanna til landsins.

Landhelgisgæslunni hefur tekist með herkjum og útsjónarsemi að halda úti flugi þriggja björgunarþýrlna undanfarin ár. Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir að þetta hafi tekist með því að leigja TF-SIF flugvél Gæslunnar til verkefna í útlöndum sem og eitt varðskipanna. Tekjur af þessari leigu hafi staðið undir kostnaði við að endurnýja TF-LIF, sem er eina þýrlan í eigu Gæslunnar, og halda henni og tveimur leigubþýrlum úti.

Samkvæmt áætlunum um rekstur Landhelgisgæslunnar sem staðfestar eru af ríkisstjórnun þyrfti Gæslan að halda úti þremur öflugum varðskipum, flugvél og þremur til fjórum þyrlum. Nýjasta og stærsta skip flotans, Þór, hefur hins vegar meira og minna verið í landi frá því í vor og verður væntanlega ekki á sjó nema í um 150 daga á þessu ári. Þá hefur flugvélin nýja verið stór- en hluta ársins í verkefnum í útlöndum.

„Með þessum erlendu verkefnum höfum við náð að halda mannskapnum. Náð að passa reynsluna og þekkinguna sem er til hjá Landhelgisgæslunni og sloppið við að segja upp fjölda fólks,“ segir Georg.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



” Með þessum  
erlendu verkefnum  
höfum við náð að halda  
mannskapnum.

hverju,“ segir hann. Ef gömlu varðskipunum verði lagt, sé mjög hæpið að þau færu nokkru sinni aftur í rekstur.

heimirp@365.is



mitsubishi.is

# MITSUBISHI OUTLANDER

Rúmbetri, sparneytnari og betur búinn

Nú á enn betra verði  
frá **5.590.000 kr.**  
Fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur

Eyðsla aðeins frá  
5,5 l/100 km.

**Outlander kostar frá**  
**5.590.000 kr.**  
Intense 4x4, bensín, sjálfskiptur

Nýr fjórhjóladrifinn Mitsubishi Outlander er ríkulega búinn staðal- og þægindabúnaði sem ásamt nýrri tækni eykur öryggi og veitir þér nýja akstursupplifun. Má þar nefna hraðastilli með fjarlægðarskynjara, akreinavara og árekstrarvörn sem allt er staðalbúnaður í grunngerðinni Intense.

**DALVÍK**

## Gróður seinkar göngum

Bæjarráð Dalvíkurbyggðar samþykkti ósk Fjallaskiladeildar Árskógsdeildar um að fresta fyrstu göngum um eina viku til samræmis við nágrannasveitarfélagið Hörgársveit og einnig vegna þess hve seint gróður er á ferð í sumar.



**RISA**

**UTSALA**  
**30-70%**  
**AFSLÁTTUR!**



**50%**  
**AFSLÁTTUR**

**SOFIA**  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 298.580 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**149.290 kr.**  
= 50% AFSLÁTTUR!

**ÓTRÚLEGT  
TILBOÐ!**

**SOFIA**  
Queen Size (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 193.000 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**96.499 kr.**  
= 50% AFSLÁTTUR!

**BIG  
SALE!**

**SOFIA EXTRA**  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 358.998 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**179.499 kr.**  
= 50% AFSLÁTTUR!

**50%**  
**AFSLÁTTUR**



**STOCKHOLM**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 163.600 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**98.160 kr.**  
= 40% AFSLÁTTUR!

**40%**  
**AFSLÁTTUR**



**RÝMUM TIL FYRIR  
NÝJUM VÖRUM!**

**50 til 70% AFSLÁTTUR  
AF SÝNINGAR-  
OG SKIPTIRÚMUM**

**rekkjan**

H E I L S U R Ú M

## MENNINGARNÓTT 2013 Í MYNDUM

**FLUGELDAR** Almenn ánægja var með flugeldasýningu næturinnar en flugeldarnir dönsuðu af fegurð á dimmum næturhimninum.

# Tugþúsundir skemmtu sér í regninu

Allt að hundrað þúsund manns komu saman í miðborg Reykjavíkur á menningarnótt þrátt fyrir vætusamt veður. Hátíðin fór að mestu leyti vel fram þótt lögregla hafi haft í mörg horn að líta. Tugþúsundir komu saman á Arnarhóli og Ingólfstorgi og hlýddu á tónleika. Enginn var svikinn af glæsilegri flugeldasýningunni sem skotið var upp af nokkrum stöðum í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**GLEÐI** Þessi unga stúlka virtist skemmta sér vel og njóta þess sem fyrir augu bar.**FADMLAG** Lögreglan sá til þess að allt færi vel fram. Þessi miðborgargestur virtist ánægður með störf lögreglunnar.**MENNING** Hljómsveitin Valdimar var á meðal þeirra sem fram komu á tónleikum menningarnætur.**MARGT AÐ GERAST** Áhugasamir áheyrendur á tónleikum Bylgjunnar á Ingólfstorgi.**TÓNLEIKAR** Fólk á öllum aldri flyktist á Arnarhól til að hlýða á tónleika.

# ÆVINTÝRA- EYJAN

*Laufléttur stimpilleikur*



## Takk fyrir þátttökuna!

Um leið og við óskum öllum vinningshöfum Ævintýraeyjunnar innilega til hamingju viljum við þakka fyrir frábæra þátttöku í stimpilleiknum í sumar.

**Fyrir hvert fullstimplað kort sem skilað var munum við gróðursetja eitt tré.**



### Vinningshafar í Ævintýraeyjunni 2013:

**1. Fjölskylduferð til New York** með Icelandair, flug og gisting fyrir 4 að verðmæti **600.000 kr.**

Vinningshafi: Björn Ingi Jónsson

**2. Eldsneytisúttekt** hjá Olís að verðmæti **200.000 kr.**

Vinningshafi: Valpór Snær Ólason

**3. Merida Big Nine 300 reiðhjól** frá Ellingsen að verðmæti **170.000 kr.**

Vinningshafi: Brynjólfur Erlingsson



Í dag eru ellefu barnaníðingar í fangelsi:

# Betrun barnaníðinga

Á Íslandi eru fimm til tíu barnaníðingar sagðir haldnir mjög alvarlegri barnagirnd. Eftirlit með þeim er ekkert en barnaverndaryfirvöld hafa stungið upp á því að lögreglan fái heimild til að skrá og hafa eftirlit með dæmdum barnaníðingum. Þær tillögur hafa verið ræddar í velferðarnefnd Alþingis en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum.

Mikil umræða varð í samfélaginu síðasta vetur um barnaníðinga og eftir mikla vakningu vitum við varla í hvern fótinn við eigum að stíga. Við heyrum fréttir af mönnum sem eru reknir úr vinnu þegar upp kemst að þeir eigi sakaferil sem kynferðisglæpamenn. Í fréttum okkar í síðustu viku varaði Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur við því að þessir menn einangrist og eigi ekki afturkvæmt í samfélagið. Helgi segir að samfélagið hafi komið sér saman um að þungar refsingar séu rétt viðbrögð við brotunum en hann spyr: „Hvernig ætlum við að taka á móti mönnum sem hafa afplánað fyrir kynferðisbrot gegn börnum?“

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Um tíu menn sitja nú inni á Litla-Hrauni fyrir barnaníð. Þeir sitja allir inni á sér gangi og mynda í fangelsinu lítið samfélag barnaníðinga. Allir þessir menn munu fá reynslulausn fyrr en síðar og það er rétt hjá Helga að við verðum að horfast í augu við þessa staðreynd. Fyrir rúmum áratug sat aðeins einn maður á Litla-Hrauni fyrir kynferðisbrot gegn barni. Í dag eru að auki sautján karlmenn á reynslulausn eftir að hafa afplánað dóm vegna barnaníðs. Þessi staða er ný og við höfum ekki áður sem samfélag þurft að horfast í augu við nokkuð þessu líkt.

Í Bandaríkjunum hafa Adam Walsh-lögin verið í gildi síðan 2006 en þau heimila yfirvöldum að halda mönnum áfram í fangelsi eftir þeir hafa afplánað dóm sinn ef allt bendir til þess að þeir séu óforbetranlegir. Lögin eru skýrð í höfuðið á Adam Walsh heitnum, en hann var sjö ára þegar honum var rænt fyrir utan verslunarmiðstöð og hann myrtur.

Samkvæmt DSM-IV, greiningarkerfi bandarísku geðlækna-sambandanna, er barnagirnd geðsjúkdómur. Í mörgum fylkjum í Bandaríkjunum eru fangar sem lokið hafa afplánun vegna kynferðisbrots gegn barni fluttir á réttargeðeildir ef sýnt er að þeir gætu hugsanlega brotið af sér aftur. Umræddir menn fara fyrir sérfræðinefndir sem meta „betrun“ viðkomandi.

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra, vildi stíga varlega til jarðar hvað varðar tillögur barnaverndaryfirvalda um skráningu og eftirlit með dæmdum barnaníðingum. Vissulega er rétt að fara varlega í þessum efnum en þetta er verkefni sem nýr innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, verður að taka alvarlega. Við erum lítið samfélag og þessi sprengja í fjölda þeirra sem sitja inni fyrir kynferðisbrot gegn börnum á eftir að hafa mikil áhrif á samfélag okkar á næstunni. Ef yfirvöld standa sig ekki mun tortryggni og óöryggi aukast. Við eigum að sjálfsögðu að skoða fljótt tillögur barnaverndaryfirvalda og koma í gagnið en um leið verðum við að skoða alvarlega þessa nýju leið Bandaríkjamanna. Réttargeðeild er betri kostur en heill gangur á Litla-Hrauni fyrir barnaníðinga.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# ÁSTRÍÐUFULL OG ÁLEITIN

LÆTUR ENGAN ÓSNORTINN

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fyrstu fjárlaga beðið

Fyrsta fjárlagafrumvarps Bjarna Benediktssonar er beðið með eftirvæntingu en með þeim kemur í ljós hvar verður skorið niður, hvaða skattar verða lækkaðir og hvar útgjöld verða aukin, ef það verður þá einhvers staðar. Nokkrar aðgerðir í þessum efnum liggja nokkurn veginn fyrir, eins og lækkun veiðigjalds og afnám auðlegðarskatts. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir að sú aðgerð muni kosta ríkissjóð um 8 milljarða króna. Finna verði aðrar tekjur eða skera niður á móti. Í þeim efnum hefur ekki verið sýnt á spilin.

### Landhelgisgæsla á hálfu stími

Ein þeirra stofnana sem flestir landsmenn eru sammála um að búa eigi vel að er Landhelgisgæslan. Gæslan er hins vegar rekin á hálfu stími miðað við áætlanir um starfsemi hennar. Gæslan hefur reyndar þurft að reíða sig á leigutekjur af nýlegri flugvél sinn og skipakosti. Ólíklegt er að fyrstu fjárlög ríkisstjórnarinnar feli í sér aukin útgjöld til Gæslunnar.



### Bandalög á vinstrivængnum

Nú heyrast raddir af vinstrivæng stjórnmalanna um að nauðsynlegt sé að flokkar þeim megin línunnar vinni saman og myndi jafnvel bandalög fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Það er því ekki að undra að margir líti til Katrínar Jakobsdóttur með gamla drauma um sameiningu vinstrimanna. En ljóst er að flokkarnir báðir þurfa að vinna sig upp úr þeim ímyndarbresti sem þeir sitja uppi með eftir stjórnarsamstarfið.

heimirp@365.is

## HALLDÓR



# Vingjarnlegir veitingastaðir

### HVALVEIÐAR



Sigursteinn Mátsson og Rannveig Grétarsdóttir fulltrúi IFAW á Íslandi og formaður Hvalaskoðunar-samtaka Íslands.

Hátt í sextíu veitingastaðir á Íslandi hafa nú límmiða við innganginn þar sem á stendur: Whale Friendly – We don't sell whale meat. Skilaboðunum er ætlað að vera upplýsandi fyrir mögulega gesti veitingastaðanna sem margir vilja heldur snæða þar sem hvalkjöt er ekki á boðstólum. IFAW-samtökin og Hvalaskoðunarsamtök Íslands standa sameiginlega að verkefninu.

Talsmaður hrefnuveiðimanna hefur brugðist illa við og sagt þetta vera atvinnurög. Viða um bæinn má sjá regnbogafánann í gluggum veitingastaða auk áletrunarinnar Gay Friendly. Það er yfirlýsing viðkomandi staða um að samkynhneigðir séu velkomnir. Ef Whale Friendly er atvinnurögur gagnvart hvalveiðum, hvaða atvinnurögur felst þá í merkingunni Gay Friendly? Gagnrýnin er fráleit. Staðreyndin er sú að með því að merkja sig vingjarnlega gagnvart hvöllum eru viðkomandi veitingastaðir einfaldlega að veita viðskiptavinum sjálfsagðar upplýsingar.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað ályktað gegn hvalveiðum. Hrefnuveiðar, sem eru afar lítil atvinnugrein, hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og heildarhagsmunum Íslands. Hver og einn veitingastaður

→ Staðreyndin er sú að með því að merkja sig vingjarnlega gagnvart hvöllum eru viðkomandi veitingastaðir einfaldlega að veita viðskiptavinum sjálfsagðar upplýsingar.

setur Whale Friendly-merkimiða við innganginn á eigin forsendum. Sumir eru andvígir hvalveiðum, aðrir vilja einfaldlega upplýsa viðskiptavinum sína um að þessi afurð sé ekki á þeirra matseðlum.

Það þarf kjark og sjálfstraust til að rísa upp gegn hinum viðteknu ranghugmyndum um ágæti hrefnuveiða við Ísland. Fleiri og fleiri eru að átta sig á því að veiðarnar eru misheppnaðar og eiga sér enga framtíð, enda lýstu hrefnuveiðimenn því sjálfir yfir við upphaf atvinnuveidanna árið 2006 að þeim yrði sjálfhætt ef ekki myndu erlendir markaðir. Þeir eru hvergi og ekkert sem bendir til að það breytist. Það væri því nær að menn horfðust í augu við raunveruleikann í stað þess að atast í veitingamönnum sem hafa kjark og vilja til að sýna samstöðu með ferðaþjónustunni í landinu.

# Náttúru-Perlan

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Eigi að lýsa stefnu Íslendinga í skipulags- og byggingamálum í einni setningu gæti hún kannski verið: „húsið fyrir húsið“ – svona eins og „listin fyrir listina“. Íslendingar reisa hús fyrir ánægjuna af því að reisa húsið (og náttúrlega framlagið úr Íbúðalánasjóði sem gjaldþrota félag mun svo ekki geta greitt) en hirða síður um þau not sem hafa má af byggingunni þegar hún er risin. Um þetta eru mörg átakanleg og forljót dæmi, einkum á seinni árum. En kannski er Perlan hið klassíska dæmi um hús sem reist er án annars takmarks eða tilgangs en að „tjá sig“. Og fögur er hún. Við horfum á hana í tignarlegu umkomuleysi sínu þar sem hún stendur í Óskjuhlíðinni, og snýst í hringi kringum sjálfa sig eins og tilbeiðsluhús án guðdóms, stórleikari án hlutverks, fullbúið svið án leikrits.

### Ný náttúruskynjun

Það hlaut að koma að því að við fyndum út úr því hvað við eigum eiginlega að gera við þetta óvenjulega og fallega kennileiti Reykjavíkur, sem á sér upphaf í hinum geníala kolli Kjarvals og hefur á sér ævintýrabrag listaverksins, því að eins og við vitum er öll góð list vita tilgangslaus. Auðvitað á Perlan að hýsa einhver ævintýri – eitthvað sem okkur þykir vænt um – eitthvað fallegt og

sterkt. Auðvitað á Perlan að hýsa náttúrugripasafnið og vera hús náttúrunnar hér á höfuðborgarsvæðinu. Það blasir við um leið og einhver lætur sér detta það í hug.

Vart verður staðsetningin betri, miðsvæðis með góðri fjallasýn; tré og kátar kanínur allt í kring og ljúfir lúpínúálfar stökkvandi í bláu blómahafinu. Húsið er svolítið ævintýrlegt að koma inn í en svo er eitthvað svo mikið Ekkert þar inni eins og er. Það býður samt upp á ómælda möguleika. Með því að virkja nútímataækni og hafa að leiðarljósi hugkvæmni, útsjónarsemi og frumleika – og ást á náttúrunni og löngun til að deila undrum hennar – má gera þarna safn sem verðugt er íslenskri náttúru.

Meðal þess sem breyst hefur hægt og rölega í íslenskri þjóðarvitund á seinustu áratugum er hlutur náttúrunnar í hugmyndinni um að tilheyra því mengi sem kallað er að vera Íslendingur. Þetta eigum við öll sameiginlegt, hægri sinnuð og vinstri sinnuð, markaðshygguþjólfólk og félagslausnafólk, Reykvíkingar og „landsbyggðarfólk“. Við sækjum til náttúrunnar orku og tilfinningu fyrir rými. Á fjöllum komumst við í tæri við tignina sjálfa, skynjum ómælið, heyrum þögn almættisins. Þetta verður æ mikilvægari þáttur í sjálfsmynd þéttbýlisbúanna sem hafa raðað sér niður við sjávarsíðuna. Í æ ríkari mæli er fólk farið að líta á náttúruna þeim augum að hún hafi gildi í sjálfri sér fyrst og fremst og í öðru lagi hafi hún gildi fyrir okkur mennina, ekki bara með gjöfum sínum til sjós og lands, sem eru ærnar og langtum meiri en nóg fyrir okkur, heldur líka í nærveru sinni í lífi

okkar, í því að hægt sé að vitja hennar, á forsendum hennar; hægt sé að ganga á vit hennar, að læk, í hlíð, á fjall, að fossi, leggjast í fjalldrapa og lyng og finna ilminn. Æ fleiri gera sér grein fyrir því hversu mikilsvert og sérstakt er að búa í landi með stærsta ómanngerða svæði Evrópu og hvernig þangað má sækja unað og andlega orku fyrir einstaklingana, ekkert síður en raforku handa álverum. Þeim fjölgar sem átta sig á því að Íslendingar geta einmitt lifað af fjallagrösum – haldi þeir rétt á málum – með því að umgangast náttúru sína af virðingu og varfærni geta þeir laðað til sín allt það fólk í heiminum sem þyrstir í að upplifa slík ómannerð svæði – og það fólk er ófátt og það á eftir að marg- marg- margfaldast.

### Hús í púpu

Perlan sem náttúrugripasafn getur haft gildi fyrir það fólk líka. Þegar erlendir ferðamenn koma til höfuðborgarinnar væri sómi að því að geta boðið upp á veglegt og gott safn um náttúru Íslands þar sem nýjasta margmiðlunargaldri væri beitt. Möguleikarnir eru óþrjótandi. Enginn sem upplifði sýninguna í Íslenska skálanum á bókamessunni í Frankfurt, þar sem öllum áhrifsbrögðum nútímataækni var beitt mun gleyma þeirri allt að því trúarlegu stemmningu sem þar ríkti meðal þeirra fjölmörgu gesta sem sátu agndofa og horfðu á myndir úr íslenskri náttúru og hlýddu á fagra tóna eftir Hilmar Örn Hilmarsson. Enginn mun efast um að safn sem býður upp á slíka upplifun á eftir að standa vel undir sér.

Stundum rölti ég mér út á

Vart verður staðsetningin betri, miðsvæðis með góðri fjallasýn; tré og kátar kanínur allt í kring og ljúfir lúpínúálfar stökkvandi í bláu blómahafinu.

Granda, geri mér eitthvert erindi framhjá húsinu hans Gröndals sem þar stendur innpakkað í bárujárn eins og vitnisburður um það hvernig Reykvíkingar fara með sín skáldahús, ólíft Akureyringum sem kunna að umgangast sín menningarverðmæti. Inni í ryðguðum bárujárnshjúpnunum er sem sé fallega og skemmtilega húsið hans Gröndals – ein af gersemum Reykjavíkur sem menn hafa enn ekki fundið rétta braskvinkilinn á og stendur því þarna eins og litfagurt fiðrildi lokað inni í ljótri púpu.

Í því húsi voru geymd fyrstu drögin að náttúrugripasafni. Seinna var safnið haft í Safnahúsinu við Hverfisgötu, og má segja að Íslendingar hafi staðið sig betur í þessum efnum upp úr aldamótunum 1900 en aldamótunum 2000 þegar þeir voru orðnir of ríkir til að hafa efni á nokkrum hlut. Í nokkur ár var safnið geymt í húsnæði Náttúrufræðistofnunar við Hlemm en um árábil hefur það verið á hrakhólum.

Það væri vitnisburður um vitundarvakningu Íslendinga ef þeir hefðu nú eftir öll þessi ár mánadóm í sér að koma upp sómasamlegu náttúrugripasafni. Þar hentar Perlan vel – og gæti á sína vísu orðið eins og litfagurt fiðrildi sem loks sleppur úr sinni púpu.

## AF NETINU

### Til menntamálaráðherra

Nú veit ég að þú berð ekki beint ábyrgð á daglegu starfi leikskólanna. Það gera sveitarfélögin. Það var einmitt þitt embætti sem lagði þeim línurnar og kvað á um hvert hlutfall menntaðra skyldi vera til að tryggja lágmarks gæði. En það sem embætti þitt er sekt um er að láta hjá líðast að gera eitthvað í því þótt sveitarfélögin hafi þessi tilmæli að engu. Þau virðast komast upp með afar lélegar afsakanir fyrir að fara ekki að lögum.

Það að umbera það er þinn skerfur til þessarar kerfislaegu ábyrgðar. Hana þarft þú að axla – en ekki flýja.

[blog.pressan.is/ragnarthor](http://blog.pressan.is/ragnarthor)

Ragnar Þór Pétursson

### Enginn frá Íslandi

Ritstjórar norrænu blaðanna vittu forsætisráðherra Bretlands í gær. Sögðu David Cameron hafa hrifsað Bretland úr forustusveit vestræns lýðræðis. Það gerði hann með handtöku David Miranda á Heathrow-flugvelli um daginn. Kvarta yfir misnotkun hryðjuverkalaga. Undir víturnar skrifa ritstjórar Politiken, Dagens Nyheter, Aftenposten og Helsingin Sanomat. Þetta voru Bo Lidegård, Peter Wolodarski, Hilde Haugsgjerd og Riikka Venäläinen. Ekkert íslenskt dagblað var í hinum fríða hópi, enginn íslenskur ritstjóri. Hér er nefnilega ekki til alvöru dagblað. Ég hugsaði um Moggann og Davíð og hló upphátt.

[jonas.is](http://jonas.is)

Jónas Kristjánsson

# Óholl framleiðsla í íslenskum fjörðum

Laxeldi við Íslandsstrendur er enn komið á dagskrá. Stórfelld áform eru á teikniborðinu um sjókvíaelði á norskum laxi og eldisfrömuðir lofa nú í þriðja skipti gulli og grænum skógum. Sama platan er spiluð eins og áður.

En margt hefur breyst og nýjar upplýsingar um þessa atvinnugrein hafa komið fram. Tvær nýjar rannsóknir sýna að eldislax er hættuleg fæða fyrir mannfólkið. Þessar rannsóknir hafa verið framkvæmdar af norskum og skoskum aðilum. Niðurstaðan er sú að uppsöfnun þrávirkra eiturfena í feitum eldislaxi er hættuleg heilsu manna. Sérstaklega er varað við að ófrískar konur og börn neyti eldislaxins. Laxeldismenn á Íslandi munu sjálfsagt halda því fram að lax sem alinn er við Ísland sé eitthvað betri. Einnig er reynt að halda því að almenningi að eldi á norskum laxi við strendur landsins sé vistvænt. Þessi vænleiki er þó ekki meiri en svo að úrgangur frá 10 þúsund tonna eldi samsvarar skolpi frá a.m.k. 150 þúsund manna byggð. Þá er ótalin sú áhætta sem tekin er með því að ala innfluttan norskan stofn í sjó við Ísland.

Greining á genamengi laxa hefur leitt í ljós að norsk laxinn, sem illu heilli var fluttur til landsins á níunda ártug síðustu aldar, er mjög frábrugðinn eða fjar-skyldur íslenskum laxastofnum. Og eldislaxinn sleppur úr kvíum. Í Noregi er almennt viðmið að einn lax sleppi fyrir hvert tonn sem alið er. Raunveruleikinn er því sá að strokulaxar af norskum uppruna verða á sveimi við strendur landsins. Eitthvað af þessum laxi verður kynþroska og mun leita í

### FISKELDI



Óðinn Sigbórsson  
formaður Lands-sambands veiði-félaga

→ Í stað ímyndar hreinleika og óspilltrar náttúru kæmi umhverfissóðaskapur.

ferskvatn til að hrygna. Íslenskar laxveiðiár eru nauðugt í boði fyrir þennan vágast.

Nýjar rannsóknir Veiðimálastofnunar hafa leitt í ljós að innstreymi framandi laxastofna er hættulegt staðbundnum stofnum. Það er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Upphrópanir eldismanna undanfarið um skaðsemi seiðasleppinga breyta þar engu um og gerir þeirra hlut í engu betri. Fullyrðingar um að strokulaxar lifi ekki af sjávardvöl minnir á umræðuna þegar minkurinn var fluttur til landsins.

Sporin hræða. En auðvitað eru eldismenn, með fráleitum málflutningi sínum, að vinna fyrir salti í grautinn. Þeir hika því ekki við að afvegaleiða þessa alvarlegu umræðu. Þeir ganga svo langt að fullyrða nú að það sé bara til bóta að sá norsk hrygni í íslenskar ár!

Tjónið af norskum eldislaxi í íslenskum ám verður ekki einungis á laxastofnum þeirra. Ímynd íslenskrar stangveiði myndi hrynja. Í stað ímyndar hreinleika og óspilltrar náttúru kæmi umhverfissóðaskapur. Það eru engir slíkir hagsmunir undir í laxeldi við Ísland að forsvaranlegt sé að taka þá áhættu með náttúru landsins að ala norskan frjóan lax í kvíum við Ísland.

# Veldu hraðþvott eða orkusparnað. Og alltaf tandurhreinan þvott.

Veldu Bosch þvottavél með VarioPerfect.



Bosch, mest seldu heimilistækin í Evrópu.



**Tilboð: 119.900 kr.**

Fullt verð: 149.900 kr.

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++.  
Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín.

VarioPerfect: Hægt að stytta tímann eða spara orku á þvottakerfum án þess að þáð komi niður á þvottahæfni.

Þú uppskerð allt að 60% tímasparnað eða 20% orkusparnað með því að nota VarioPerfect-aðgerðina. Með sama góða árangrinum: Tandurhreinum þvotti.

WAE 28271SN

Ópið virka daga frá kl. 11 - 18  
og á laugardögum frá kl. 11 - 16

# BOSCH

# - BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · [www.bosch.is](http://www.bosch.is) · Sími 520 3090

# Opið bréf til hagræðingar-nefndar ríkisstjórnarinnar

Þingflokkur Bjartrar framtíðar óskar meðlimum hagræðingarnefndar ríkisstjórnarinnar góðs gengis en vill um leið undirstríka þá miklu ábyrgð sem á meðlimum hennar hvílir. Ríkissjóður er mjög skuldsettur og við slíkar aðstæður er brýnna en nokkru sinni fyrr að skoða öll útgjöld með gagnrýnu hugarfari. Jafnframt þarf að skoða alla tekjumöguleika gaumgæfilega.

Hvert ár sem ríkissjóður eyðir um efni fram leiðir til stærri vanda fyrir þjóðina alla í framtíðinni. Björt framtíð er tilbúin til að styðja allar tillögur hagræðingarnefndarinnar sem byggja á góðum rökum og upplýsingum og leiða til raunverulegs sparnaðar og betri nýtingar á fjármunum, hæfileikum, vinnu og tíma. Markmið okkar er að tryggja að borgurum landsins sé veitt sem best þjónusta og sem best skilyrði til lífsviðurværis, innan fjárhagsrammans.

Við hvetjum ykkur til þess að horfa til lengri tíma, bæði í tekjum og útgjöldum ríkisins, þannig að stofnanir samfélagsins geti gert langtímaáætlanir, en séu ekki háðar óvissu fjárlaga hvers árs. Ef sá rammi sem ríkið setur liggur fyrir geta allar gert nákvæmari áætlanir sem hugsanlega standast, bæði hvað varðar þá þjónustu sem vænta má, en ekki síður hvaða skattarammi biður.

## Verum róttæk

Við hvetjum líka til róttækni. Við höfum flötum niðurskurði þar sem stofnunum er gert að hagræða einhvern veginn, án þess að kafað sé dýpra í starfsemi þeirra, eðli og tilgang. Það þarf að skoða mjög vel tillögur ýmissa aðila, innlendra sem erlendra, um það hvernig bæta má nýtingu fjár í íslensku samfélagi. Bent hefur verið á leiðir í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Við skulum ætíð spyrja: Ef við ættum að gera hlutina frá grunni, núna, myndum við þá fara eins að? Myndum við reka menntakerfið með sama hætti? Heilbrigðiskerfið? Landbúnaðarkerfið?

## STJÓRNMÁL



Þingflokkur Bjartrar framtíðar

Við getum lært meira af þeim sem eru að gera hlutina vel. Aðrar þjóðir hafa náð langt í rafrænni stjórnsýslu, til að mynda Eistland, með tilheyrandi sparnaði. Oft hefur verið bent á skólakerfið í Finnlandi sem góða fyrirmynd, bæði hvað varðar hagræði og góða þjónustu. Nýsjálendingar gjörbyltu landbúnaðarkerfi sínu og selja núna afurðir út um allan heim, án ríkisstyrkja. Við þurfum að spyrja okkur hvað við getum gert betur.

## Við þurfum tekjur

Fjárbörfin í samfélaginu er gríðarleg. Það þarf að lækka skuldir ríkissjóðs og standa straum af vaxtakostnaði. Viðhaldsverkefni hrannast líka upp og starfsfólk er víða langþreytt. Þessar kringumstæður vinda upp á sig. Miklar skattalækkningar eða skuldaniðurfellingar, með fé sem að öðrum kosti getur gagnast ríkissjóði í glímunni við þessi vandamál, eru vafasamar. Við hvetjum hagræðingarnefndina til að skoða vel förnarkostnaðinn af öllum aðgerðum: Ef peningur er notaður í eitthvað eitt, er ekki hægt að nota hann í annað.

Við tökum undir það að skatta- og gjaldaækkar geta í sumum tilvikum aukið efnahagsleg umsvif.

Þær þurfa hins vegar að vera almennar og mega ekki beinast einungis að einstökum atvinnugreinum sem búa við góð skilyrði. Einnig myndi einfaldara skatta-, tolla- og gjaldaumhverfi leysa verulegan kraft úr læðingi. Opið markaðsumhverfi með óheftum viðskiptum við aðrar þjóðir væri jafnframt snið.

Við hvetjum líka eindregið til þess að horft verði til aukinnar beinnar tekjuöflunar af auðlindum þjóðarinnar, bæði til lands og sjávar. Arður af orkusölu til erlendra aðila er lítill og arður af sjávarútvegi í sameiginlega sjóði getur verið meiri. Þá er það líka skoðun Bjartrar framtíðar að arður ríkisins af fjármála-starfsemi, í gegnum opinbert eignarhald á fjármálastofnunum, sé best nýttur til að greiða niður

→ Við hvetjum ykkur til þess að horfa til lengri tíma, bæði í tekjum og útgjöldum ríkisins, þannig að stofnanir samfélagsins geti gert langtímaáætlanir, en séu ekki háðar óvissu fjárlaga hvers árs.

skuldir ríkisins og til fjárfestinga í nýsköpun og stuðningi við atvinnugreinar – s.s. skipandi greinar og hugverka- og tækni- iðnað – sem geta aukið tekjur umtalsvert til framtíðar. Það er því von okkar að ríkisstjórnin haldi sig í grundvallaratriðum við áður samþykktu fjárfestinga-áætlun.

## Fjárfestum í hagræðingu

Hagræðing er fólgin í að gera hlutina betur, skila svipaðri þjónustu, helst betri, fyrir minni tilkostnað og minnka sóun. Það er stefna Bjartrar framtíðar að ríkisvaldið skuli ekki vera umfangsmikið, en þjónusta þess á mikilvægum sviðum þeim mun betri. Til þess að ná þessu markmiði þarf að nútímavæða þjónustu ríkisins og stofnanir þess, en ekki síður þarf að hugsa þjónustumynstur ríkisins upp á nýtt og skilgreina betur hvaða málaflokkum hið opinbera á að skipta sér af.

Uppbygging verkferla, breytt skipulag stofnana með áherslu á ábyrgð og skýra verkaskiptingu getur falið í sér kostnað í upphafi en hagræðingu til lengri tíma litið. Sameining stofnana ríkisins í færri en stærri rekstrareiningar sem bjóða upp á samræmda þjónustu um allt land eru forsenda fyrir slíkri uppbyggingu. Notkun upplýsingatækni býður upp á mikil tækifæri til hagræðingar. Það er trú okkar að slík tækifæri sé mjög víða að finna í opinberum rekstri. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi er þingflokkur Bjartrar framtíðar meira en reiðubúinn til þess að leggja sitt af mörkum í þeirri miklu vinnu sem fram undan er í ríkisfjármálum.

Með góðri kveðju, Björt Ólafsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Óttarr Proppé, Róbert Marshall og Páll Valur Björnsson

# Stendur læknirinn þinn með þér?

Skilur læknirinn hvað ég er að segja? Við erum að tala um það dýrmætasta sem ég á, heilsuna mína! Þetta hefur verið hugsun mín í mörg ár og erfitt að bera þessa tortryggni eftir sára reynslu sem mig langar að lýsa hér í stuttu máli.

Árið 2000 urðu þátta-skil í lífi mínu þegar ég greindist með krabbamein í móðurlífi en fram að þeim tíma hafði ég haft góða heilsu sem ég var þakklát fyrir. Ég fór í stóra aðgerð sem gekk vel og ég var mætt í vinnu 6 vikum síðar. Lífið mitt var ekki alltaf auðvelt, það voru skin og skúrur. Á tímabili gerði hellidembu og ég varð döpur, mér fannst ég ekki ráða við aðstæður og hafði lítinn stuðning í mínu nærumhverfi svo ég leitaði mér aðstoðar hjá geðlækni árið 2002. Það hafði reynst mér vel mörgum árum áður.

Árið 2004 hætti ég að mæta hjá geðlæknum þar sem ég var ekki nógu sammála greiningu og meðferð hans og byrjaði hjá öðrum geðlækni í ársbyrjun 2005. En hann tók undir greiningu fyrri geðlæknis og bætti við fleiri greiningum og lyfjum. Ég hélt áfram að mæta til hans einu sinni í mánuði þrátt fyrir að vera talsvert hugsi yfir þessu öllu, ég fann jú að eitthvað var ekki eins og það átti að vera hjá mér. Á þessum tíma dró verulega af mér, ég datt út af vinnumarkaði og lífið varð stöðugt erfiðara. Var um tíma hætt að geta sinnt mínum grunnþörfum og einangraðist heima í sófanum.

Í febrúar árið 2007 fór ég í magaspeglun vegna langvarandi verkja í kvið, 45 mánuðum síðar fór ég ristil-speglun og þá kom í ljós að ég var með ristilkrabbamein sem útskýrði kviðverkina. Á þessum langa tíma sem leið frá magaspegluninni þar til ég fékk ristilspjónunina hitti ég fjölmarga lækna og gerði ítrekaðar tilraunir til að lýsa fyrir þeim veikindum mínum en allt kom fyrir ekki. Einn lækni hitti ég oftast en aðra en það var geðlæknirinn minn sem ég hitti alltaf einu sinni í mánuði. Í þessa 45 mánuði hitti ég hann því 45 sinnum og maður skyldi ætla að hann hafi því fylgst nokkuð vel með hvernig heilsu minni hrakaði. Meðferð hans gagnaðist síður en svo, þrátt fyrir sífellt fleiri sjúkdómsgreiningar og lyfjategundir.

## HEILBRIGÐIS-MÁL



Matthildur Kristmannsdóttir bókari

→ Ég var með órannsakaðan ristil og þar var stórt krabbameinsæxli sem hafði komið í veg fyrir að ég gæti lifað eðlilegu lífi.

Á þessum 45 mánuðum hitti ég líka ótal fleiri lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkrahjálfa, iðjuþjálfara og

félagsþjónustu og var lögð tvisvar inn á sjúkrahús í samtals 7 vikur og fór a.m.k. fjórum sinnum með sjúkrabil á bráðamóttöku í Fossvogi. Það var í slíkri heimsókn síðla árs 2010 að ég neitaði að láta útskrifa mig og heimtaði almennilegar rannsóknir. Í sjúkraskýrslu segir svo frá: „Útskýrt er fyrir henni að búið sé að útiloka að eitthvað hættulegt sé á seyði“ og í sömu skýrslu stendur „Hún er treg til að fara“. Ég vil gjarnan að það komi fram að ég var meira en treg til að fara, ég neitaði að fara. Þegar ég loks fékk loforð um betri rannsóknir þá samþykkti ég að fara og það um hjólastól til að komast út því ég stóð ekki í fæturna en þá var mér sagt að ég gæti gengið sjálf. Það var ekki útilokað að eitthvað hættulegt væri á seyði, rannsóknin sem ég fékk leiddi svo í ljós hættulegt ástand; ristilkrabbamein á stigi 3c.

Það er erfitt að sætta sig við svona vinnubrögð þegar ég þarf nú að takast á við varanlegt heilsutjón í kjölfarið. Mismunandi heilbrigðisstarfsfólk sem kom að mínu máli, prófessor, læknar og hjúkrunarfólk, hafði rangt fyrir sér, ég var með órannsakaðan ristil og þar var stórt krabbameinsæxli sem hafði komið í veg fyrir að ég gæti lifað eðlilegu lífi árum saman.

Ég, og allir sem treysta á heilbrigðisþjónustu, eiga skilið betri meðhöndlun og að starfsfólk í heilbrigðisþjónustu sýni vandaðri vinnubrögð. Ég mun berjast áfram og hvet þig lesandi góður að gera það sama ef þú kannast við þetta í þínu lífi. Ef nááinn aðstandandi eða vinur tjáir sig um sams konar vinnubrögð þá er tími til komin að veita þeim liðsinni þitt. Enginn á að geta ráðskast með svo dýrmætta eign sem heilsan okkar er. Það er eðlilegt og heimilt að sýna tortryggni ef við erum ekki sátt við stöðuna. Hvað annað getum við gert?

# Einfeldni, ekki heimska

Þorsteinn Pálsson, Benedikt Jóhannesson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason – og þið öll hin. Hvernig dettur ykkur þetta í hug? Þið eruð ekki heimska, eða hvað?

Þið viljið að ríkisstjórnin ykkar, sem er stofnað til af tveimur flokkum, sem báðir tveir eru algerlega andvígir aðild Íslands að Evrópu-sambandinu, gersamlega án tillits til niðurstöðu samningaviðræðna þar um, láti fara fram atkvæðagreiðslu um hvort eigi að ljúka þeim samningaviðræðum, sem hafnar voru af síðustu ríkisstjórn gegn afdráttarlausum vilja flokka ykkar.

Þetta viljið þið í þeirri von að meirihluti þjóðarinnar sé andvígur yfirlýstri stefnu flokkanna ykkar og þvingi þá og ríkisstjórn þeirra til þess að breyta þvert gegn yfirlýstri stefnu sinni.

Og hvað svo? Gunnar Bragi Sveinsson mæti til Brussel með beiðni um að samningaviðræðum um aðild Íslands að ESB verði áfram haldið þó hann og ríkisstjórn hans séu algerlega andvíg því að þær viðræður leiði til

## STJÓRNMÁL



Sigþvatur Björgvinsson fyrrverandi ráðherra

→ Segið heldur eins og satt er: Fyrirgefið okkur. Við vissum ekki hvað við vorum að gera! A.m.k. gerið þið ykkur þá ekki að aðhlátursegfi. Bara að saklausum einfeldningum!

jákvæðrar niðurstöðu! Að Bjarni Benediktsson lýsi því yfir að Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn vilji fara að ræða við Þjóðverja, Svía, Dani, Breta – og alla þá hina – um samruna sem flokkurinn sé algerlega andvígur! Hvílik heimska! Hvílikt rugl! Hvílikt aðhlátursegfi þjóða heims yrðu ekki Íslendingar! Nóg er nú samt!

Afbötun ykkar fyrir að kjósa og fylgja málaðstað í síðustu kosningum sem ykkar sjónarmiðum er andsnúinn fæst ekki svona. Segið heldur eins og satt er: Fyrirgefið okkur. Við vissum ekki hvað við vorum að gera!

A.m.k. gerið þið ykkur þá ekki að aðhlátursegfi. Bara að saklausum einfeldningum!

# Það er efnahagurinn, flónið þitt!

Megináhersla Bills Clinton fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 1992 var að búa hagkerfi þess víðfeðma lands undir áskoranir 21. aldarinnar. Slagorðið It's the economy stupid! þótti grípa þá áherslu. Nú þegar nokkuð er liðið á öldina er bersýnilegt að íslenska hagkerfið er hvorki sjálfbært né búið undir aðsteðjandi áskoranir.

## EFNAHAGSMÁL



Eiríkur Bergmann prófessor í stjórnmálafraði

## Kerfisgallinn

Kerfisgalli íslensks efnahagslífs varð til við inngönguna á Evrópska efnahagssvæðið árið 1994, með viðamikilli einkavæðingu fjármálakerfisins og fleytingu krónunnar árið 2001. Við sjáum það nú að þessi kokteill gekk ekki upp. Og getur ekki gengið upp. Enda hafa ríki af okkar stærðargráðu ekki reynt annað eins. Aðeins milljóna-ríki halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli á frjálsu floti á alþjóðlegum markaði. Slíkt fyrirkomulag veldur enda viðvarandi kerfisáhættu hjá smærri ríkjum. Því er á engan hátt trúverðugt að afnema gjaldeyrishöft án þess að skipta alfarið um peningamálastefnu og í raun um gjaldmiðil.

**Snjóhengjan ekki meginvandinn** Íslenska krónan var aðeins á

frjálsu floti í átta ár áður en hún féll á hliðina og var lögð í öndunarvél gjaldeyrishafta. Sem á hverjum degi hola hagkerfið að innan. Síðast þegar þetta gerðist, árið 1930, vorum við föst í slíkum höftum í nálega sjö áratugi. Fátt bendir til þess að vandinn sé minni nú. Gáið að því að þá var engin snjóhengja. Þó svo að snjóhengjan illviga bæti hreint ekki úr skák þá er hún ekki grundvöllur vandans. Og jafnvel þótt einstaklega vel takist til við að vinna ofan af erlendum eignum þá er kerfisgallinn áfram óleystur.

## Viðbótarvandinn

Þegar litið er ofan í rót íslensks efnahagslífs sést að við lifum á því að selja Evrópubúum fisk – þrír fjórðu hlutar utanríkisviðskipta eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Því er aðildin að innri markaðinum efnahagsleg nauðsyn. Viðbótarvandinn er þó sá að við uppfylfum ekki lengur kröfuna um frjálsa for fjármagns. Um leið er ómögulegt að aflétta gjaldeyrishöftum án mun tryggari varna en við höfum sjálf yfir að ráða. Óvissan sem nú er komin upp og endurspeglast í skýrslum erlendra aðila um íslenskan efnahag er af þessum völdum.

→ Því er á engan hátt trúverðugt að afnema gjaldeyrishöft án þess að skipta alfarið um peningamálastefnu og í raun um gjaldmiðil.

Síðasta ríkisstjórn hafði þá stefnu að leysa gjaldmiðilsvandann með upptöku evru eftir inngöngu í ESB. Við það færu gjaldeyrishöftin um leið og gengisáhætta hyrfi. Þeirri leið var hafnað í liðnum þingkosningum og því stendur upp á nýja ríkisstjórn að finna aðra leið. Aðeins tvær leiðir virðast nú færar: Annaðhvort að fjórta fjármálafyrirtækin við mun stífara reglverk en annars staðar þekkist og halda þeim við aðeins innlenda starfsemi eða að semja við annað ríki um upptöku gjaldmiðils þess með beinum bakstuðningi viðkomandi seðlabanka.

Hingað til hafa aðeins sjónhverfingamenn bent á aðrar leiðir. Hvorug þessara leiða er þó greiðfær. Kyrrstaða er ekki kostur. Hún væri enda ávísun á mun lakari lífskjör en fólk í þessu landi mun sætta sig við. Áskorunin fram undan er að takast á við þennan vanda af alvöru. Stjórnmalamenn allra flokka þurfa því að láta af efnahagslegum sjónhverfingum sem engu skila nema blekkingu.

# ALLT FYRIR ÞAKIÐ

## VERÐSPRENGJA



**Íslensk framleiðsla fyrir Húsasmiðjuna**

- Bárújarn, ýmsir litir, íslensk framleiðsla
- Þakefni úr áli og stáli, ýmsir litir
- Klæðningar, ýmsir litir



**Þakjárn Alusink 1.590kr/m**  
Þakjárn Alusink 0,5 mm 430399

**Þakjárn Grænt poly 2.190kr/m**  
Grænt poly bárújarn 0,5 mm. Afar slitsterkt og endingargott. 430416

**Litað ál 2.990kr/m**  
Þakklæðning. Litað ál 0,7 mm. 430412




**Þakpappi 20% afsláttur**  
isola

**Þakrennur 20% afsláttur**  
Plastmo

**Timburklæðning 25x150 mm, 3,6 m 190kr/m 255-kr/m**

**Þaksaumur Gunnebo 60mm galv. 100 stk 1.395kr 1.995-**

**Þakmálning 20% afsláttur**  
JOTUN PROFF fasadeakryl eksterior



**VERÐ FRÁ 139.900**

**Aðeins 7-10 daga afgreiðslutrestur**

### Bílskúrshurðir í ágúst!

Íslensk framleiðsla fyrir Húsasmiðjuna í samstarfi við Límtre Vírnet.

Fáðu tilboð í næstu Húsasmiðjuverslun og hurðin verður komin til þín innan 7-10 daga.

Getum einnig útvegað uppsetningu á frábæru verði.



**Auðvelt í uppsetningu**



**HÚSASMIÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



# VELLÍÐAN

## Á VINNUSTAÐ

Kynningarblað MÁNUDAGUR 26. ÁGÚST 2013

### Ráðgjöf til fyrirtækja

Sálfræðiþjónustan Líf og sál býður upp á ráðgjöf vegna starfsmannamála.  
**SÍÐA 2**

### Hópefli í Skemmtigarðinum

Sérstíð hópefli í lifandi og fjöru umhverfi.  
**SÍÐA 3**

### Vinnuvistfræði

Vellíðan á vinnustað dregur úr starfsmannaveltu og fjarvistum.  
**SÍÐUR 2 OG 4**



# Stuðlar að bættu vinnuumhverfi

Vinnís er áhugamannafélag sem hefur það markmið að stuðla að bættu vinnuumhverfi. Gunnhildur Gísladóttir, formaður félagsins, segir að íslensk fyrirtæki og stofnanir mættu gefa vinnuvistfræði betri gaum því góðar vinnuaðstæður stuðli að auknum afköstum og færri veikindadögum.

Vinnís er áhugamannafélag sem hefur það markmið að stuðla að bættu vinnuumhverfi. Félagið stóð fyrir þriggja daga ráðstefnu um jöfnuð í vinnuumhverfi og hönnun á Grand Hótel Reykjavík í byrjun mánaðar. Félagsmenn eru sextíu talsins en ráðstefnugestir voru 144 frá 19 löndum.

„Við fengum nokkra fyrirlesara sem eru framarlega á þessu sviði, þar á meðal hollenska prófessorinn Jan Dul. Hann benti meðal annars á það að hingað til hefur aðallega verið hugsað um notendur. Það dugar hins vegar ekki að rétta bara borð og stóla heldur þarf að gera stjórnendur fyrirtækja meðvitaða um mikilvægi vinnuvistfræði. Það hagnast nefnilega allir á því að fólki líði vel í vinnunni. Veikindadögum fækkar og afköst verða meiri,“ segir iðju-

þjálfinn og formaður félagsins, Gunnhildur Gísladóttir, en hún vinnur á verkjasviði Reykjalundar og þekkir vel til þeirra sem eru komnir með alvarleg einkenni sökum slæmra vinnuaðstæðna. „Þar er ég að kenna fólki rétta líkamsbeitingu sem margir vildu óska að þeir hefðu fengið leiðbeiningar um að tileinka sér fyrr á starfsævinni.“

Gunnhildur segir vinnuvistfræði afskaplega viðfeðmt svið en að orðið sé óþjálmt og sumir átti sig ekki á hvað í því felst. „Það er svo margt sem hægt er að setja undir þennan hatt eins og loftgæði, ljós, gólfefni, hönnun, skrifstofuhúsgögn, gervilimi og margt fleira. Að mínu mati þarf meiri samvinnu fagaðila á þessu sviði. Við erum fámennnt félag og ég myndi vilja sjá fólk úr fleiri fagstéttum bætast í hópinn, enda er um að

ræða mörg mikilvæg velferðarverkefni. Ég myndi meðal annars vilja sjá arkitekta, verkfræðinga, tæknifræðinga og stoðtækjafræðinga svo dæmi séu nefnd.“

Gunnhildur telur að íslensk fyrirtæki og stofnanir gætu mörg hver staðið sig betur hvað vinnuvistfræði varðar. „Fyrsta skrefið gæti til dæmis verið að hafa samband við okkur í félaginu og leita ráða en við getum bent á fjöldann allan af sérfræðingum og oft þarf ekki mikið til til að ná fram betri líðan.“

Á næsta starfsári stefnir félagið að því að halda fyrirlestra þar sem vakin verður athygli á ýmsum hliðum vinnuvistfræðinnar. Þannig vilja félagsmenn beina sjónum að mikilvægi greinarinnar og stuðla að bættu vinnuumhverfi til hagsbóta fyrir alla.

Nánari upplýsingar um félagið er að finna á [www.vinnis.is](http://www.vinnis.is).



Gunnhildur segir vinnuvistfræði afar viðfeðmt svið en að orðið sé óþjálmt og sumir átti sig ekki á því hvað hugtakið þýðir. MYND/VILHELM

## Fjölbreytt ráðgjöf til fyrirtækja

Oft getur verið skynsamlegt að fá utanaðkomandi aðila til að sinna erfiðum starfsmannamálum. Sálfræðiþjónustan Líf og sál í Reykjavík hefur langa reynslu af ráðgjöf vegna ýmissa starfsmannamála. Fimm sálfræðingar starfa á stofunni.

Sálfræðistofan Líf og sál hefur undanfarinn áratug veitt fyrirtækjum og opinberum stofnunum ráðgjöf og þjónustu á ýmsum sviðum starfsmannamála. Á stofunni starfa fimm sálfræðingar sem koma allir að þjónustunni en eigendur hennar eru Þórkatla Aðalsteinsdóttir og Einar Gylfi Jónsson. Bæði hafa þau langa reynslu af ráðgjöf innan fyrirtækja og stofnana auk þess að vera kunnir fyrirlesarar og meðferðaraðilar. Þau segja fyrirferðamesta þáttinn í þjónustu þeirra snúa að fræðslu til fyrirtækja. „Stærstur hluti þjónustu okkar snýr að fræðslu, til dæmis um samskipti og einelti á vinnustað en einnig um streitu og streitustjórnun, breytingar á vinnustað og ýmsa aðra þætti,“ segir Einar.

Ráðgjöf stofunnar kemur eðlilega mikið inn á starfsmannamál fyrirtækja og stofnana enda vinna starfsmenn stofunnar iðulega með starfsmannastjórum eða öðrum yfirmönnum. „Ráðgjöf okkar snýr einnig að því hvernig hægt er að bæta starfsandann og viðhalda góðu andrúmslofti á vinnustað,“ bætir Þórkatla við.

### Erfið eineltismál

Líf og sál sér einnig um vinnustaðagreiningar og úttekt á starfsanda. „Það eru margir sem bjóða upp á hefðbundnar vinnustaðagreiningar en við sinnum fyrst og fremst þeim vinnustöðum þar sem vandamál hafa komið upp. Þannig greinum við hvað megi betur fara á vinnustaðnum. Ekki má gleyma því að við erum einnig gjarnan kölluð til þegar upp koma ýmis erfið starfsmannamál, til dæmis eineltismál, þegar starfsmenn verða fyrir miklum áföllum eða þegar erfitt breytingarferli á sér stað innan vinnustaðar,“ segir Einar. Hvað varðar einelti á vinnustað spannar þjónusta Lífs og sálar allt frá ráðgjöf til stjórnenda um mótun verklagsreglna í þessum mála-

Á sálfræðistofunni Líf og sál vinna fimm sálfræðingar. Eigendur stofunnar eru Einar Gylfi Jónsson, annar frá vinstri og Þórkatla Aðalsteinsdóttir, lengst til hægri. MYND/VILHELM



flokki yfir í athugun á eineltiskvörtun með viðtölum við málsaðila og vinnufélaga þar sem skilað er niðurstöðum og tillögum um hvernig vænlegast er að halda áfram.

### Reynslumiklir starfsmenn

Það færir sifellt í vöxt að sálfræðistofur sinni velferð starfsmanna á vinnustað með þessum hætti. „Það er auðvitað mismunandi hvernig þjónusta sálfræðistofur bjóða upp á en þessi þjónusta hefur vissu-

lega færst í vöxt undanfarinn áratug. Við byrjuðum í þessum verkefnum fyrir þrettán árum síðan og höfum frá upphafi kappkostað að veita vinnustöðum þjónustu sem er í fremstu röð. Stofan okkar hefur líka verið framarlega í mótun verklagsreglna í svona málum,“ segir Þórkatla.

Af öðrum skyldum verkefnum sem Líf og sál sinnir má nefna aðstoð við framkvæmd starfsmannasamtala, einstaklingsbundin starfsmannastuðning, t.d. vegna streitu,

álags eða áfalla, og handleiðslu fyrir stjórnendur. „Starfsfólk okkar býr yfir mikilli og fjölbreyttri reynslu á ólíkum sviðum starfsmannamála. Stofan okkar er því í stakk búin til að takast á við flókin og ólík málefni til úrlausnar.“

Líf og sál flutti nýlega starfssemi sína í rúmgott og glæsilegt húsnæði við Höfðabakka 9 í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar um starfssemi stofunnar má finna á [www.lifogsal.is](http://www.lifogsal.is).

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## KODDALJÓS

Þýski vöruhönnuðurinn  
Simon Frambach hefur þróað  
lampa sem er úr mjúku efni og  
má nota sem kodda. Fint fyrir þá  
sem lesa í rúminu.

## Bretta-og armarekkar

á hagstæðu verði.



**Ísold ehf.**

Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á  
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00

### SNÆBJÖRN STEFÁNSSON

Garðbekkur með álhlíðum.



**SIGGA HEIMIS**  
Handlóð úr áli.

Í lok ráðstefnunnar  
verður sýningin  
13Al+ opnuð,  
þar sem sýndar  
verða frumgerðir  
hönnuðunna sem  
tóku þátt í 13Al+  
verkefninu. Þeir  
eru Sigga Heimis,  
Katrín Ólína,  
Snæbjörn Stefáns-  
son, Garðar  
Eyjólfsen og Þóra  
Birna.



**ÞÓRA BIRNA**  
Borð með roði.



**SIGGA HEIMIS**  
Kökukefli með ál-  
handföngum.

# HANNAÐ ÚR ÁLI

**RÁÐSTEFNA OG SÝNING** Ráðstefnan 13Al+ um tækifæri sem felast í ál-  
framleiðslu á Íslandi verður haldin á miðvikudag. Við sama tækifæri verður  
opnuð sýning á frumgerðum hönnuða sem tóku þátt í verkefninu 13Al+.

**Á** ráðstefnunni 13Al+, sem haldin  
verður í Arion banka, Borgartúni  
19, frá klukkan 13 til 17 á mið-  
vikudaginn, verður leitast við að svara  
því hvaða möguleikar felast í frekari  
framleiðslu á áli hér á landi fyrir íslensk  
fyrirtæki og hvernig nýta mætti íslenska  
álframleiðslu sem drifkraft til nýskö-  
unar. Fram koma ræðumenn sem eru á  
meðal þeirra fremstu á sviði viðskipta,  
álframleiðslu og hönnunar. Þeirra á  
meðal er Johannes Torpe, listrænn  
stjórnandi hjá Bang & Olufsen. Torpe  
er þekktur fyrir djærfa, frumlega og  
framúrstefnulega hönnun sem spann-

ar frá grafískri  
hönnun til innan-  
hús- og húsgagna-  
hönnunar.

Einnig verður  
verkefnið 13Al+ kynnt,  
sem er samnorrænt og  
þverfaglegt samstarfs-  
verkefni á milli íslenskra  
hönnuða og sænskra  
álframleiðslufyrirtækja  
sem hófst 2012 og geng-  
ur út á að skoða frekari  
möguleika sem felast í  
álframleiðslu á Íslandi.



**KATRÍN ÓLÍNA**  
Vikingar af ýmsu tagi.



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður fyrir húsfélög  
og fyrirtæki. Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.  
Áratuga reynsla tryggir gæðin  
Önnumst uppsetningu og  
Viðhald búnaðar.



Járn og gler hf - Skútuvogur 1H  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 5858900 - [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)



Reverie®

Vönduð stillanleg  
heilsurúm með okkar  
bestu IQ-CARE heilsudýnu  
Fyrsta sending seldist  
strax upp!  
Kíktu á [www.reverie.com](http://www.reverie.com)



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafamiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

**12 mán.**  
vaxtalausr  
greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

REVERIE 7S með  
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm  
**Verð aðeins kr. 379.900.-**

Proflex stillanlegur botn með  
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm  
**Verð aðeins kr. 249.900.-**

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu  
2x90x200 cm  
**Verð aðeins kr. 499.900.-**

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care  
heilsudýnu 2x90x200 cm  
**Verð aðeins kr. 369.900.-**



# Á MILLI HÚSA

Danskir arkitektar hanna íbúðir í húsasundum.

Tveir danskir arkitektar, Mateusz Mastalski og Ole Robin Storjohann, hlutu nýlega hönnunarverðlaunin New Vision of the Loft sem tímaritið A10 New European Architecture og gluggaframleiðandinn Fakro standa fyrir.

**INN Á MILLI** Í stórborgum er hver fermetri verðmætur. Því er góð hugmynd að byggja íbúðir í ónýttu rými milli húsa.

Verðlaunin fengu þeir fyrir verkefni sitt Live Between Buildings. Þar koma þeir með tillögur um hvernig nýta megi þröngt bil milli hárra bygginga undir íbúðir.

Þeir gerðu mismunandi tillögur sem gætu hentað í borgum á borð við New York, Tókýó, Amsterdam, Helsinki og London.



## SKIPULAG ELDHÚSSINS

Í eldhúsinu úir og grúir af ýmsum áhöldum og mörgum reynist þrautin þyngrri að koma öllu fyrir.

Með því að geyma pottlok í sérskúffu og stafla pottum og pönnum sparast heilmikið skáapláss.

Ef skúffur eru djúpar gæti verið góð hugmynd að útbúa aukaskúffu sem tyllt er ofan á hina og auka þannig geymslurýmið.

Auðveldara er að sækja plötur og bakka ef þau eru geymd lóðrétt frekar en að stafla þeim saman. Það gæti verið góð hugmynd að bæta við láréttu skilrúmi í skápa fyrir slíkt.

Inn á skápahurðir má setja festingar og hirslur, til dæmis fyrir skurðarbretti, kryddstauka og minnislista.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndís Hauksdóttir**,  
bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**,  
sverrirbs@365.is, s. 512 5432  
**Kolbeinn Kolbeinsson**,  
koll@365.is, s. 512-5447

**30% AFSLÁTTUR ÚT ÁGÚST**

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.


**SÍÐSUMARTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRETTINGUM ÚT ÁGÚST**



### VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

### ELDAVÉLAR - OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR & HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR



### RAFTÆKJAÚRVAL

15% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu.



friform.is



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Opið: Mán. - föst. kl. 09-18 - Lokað á laugardögum í sumar

**HITA KUTAR**

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**  
**landmark.is**

**Landmark leiðir þig heim!**

## 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariúson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

FASTEIGNASALAN BÆR  
www.fasteignasalan.is



Auður Kristinsdóttir  
Löggiltur fasteignasali

**Hverfisgata 74, 5. hæð**

Opið hús þriðjudag dag 27. ágúst kl. 17:30 – 18:00



Vel skipulögð 4ra herbergja, 72 fm. íbúð með frábæru útsýni. Suðursvalir. Góð staðsetning í miðbænum, og sérstaklega reisulegt hús. Athugið að verið er að endurgera Hverfisgötuna á þessum kafla með aðlaðandi stígum og snjóbræðslu. Verð 24,9 m.

Vegna mikillar  
sölu vantar  
eignir á skrá!

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is  
Auður Kristinsdóttir



## Einbýli á einstökum stað

Heimili fasteignasala hefur fengið til einkasölumeðferðar einbýlishús við golfvöllinn á Korpúlfsstöðum.

Um er að ræða mjög gott einbýlishús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr á einstökum stað innst í botnlanga við golfvöllinn á Korpúlfsstöðum, samtals 218,3 fm.

Lóðin við húsið er stór og í góðri rækt en auk þess er verönd við

húsið og hiti í stéttum. Aðkoma er þægileg og útsýnið einstakt.

Í húsinu er flísalögð forstofa og forstofuhurð, sem tekur við þegar inn er komið. Gangurinn er parketlagður og stofa og borðstofa mynda eitt opið rými, sem einnig er parketlagt. Í stofunni er arinn og hægt að ganga út á verönd.

Eldhúsið er með fallegri innréttingu og gaseldavél. Gólfíð er flísalagt sem og veggurinn á milli efri og neðri skápa.

Þvottahúsið er inn af eldhúsi þar

sem einnig er flísalagt gólf og innrétting. Í húsinu eru fimm parketlögð herbergi ásamt sjónvarpsholi. Baðherbergisgólfíð er flísalagt og bæði er baðkar og sturta. Einnig er gestasalerni.

Inn af bílskúr er geymsla og einnig er geymsluloft.

Eignin er falleg og í góðu standi enda hefur hún fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Sami eigandi frá upphafi.

Nánari upplýsingar má nálgast á skrifstofu Heimili fasteignasölu.

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ  
SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ  
GAGNRÝNUM HÆTTI



SAFT

www.saft.is



# heimili

## FASTEIGNASALA



Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson, höfundar bókarinnar, voru að sjálfsgöðu á staðnum og árituðu bækur fyrir áhugasama.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

**ÁRITA**  
Höfundarnir árituðu eintök af bókinni.

**GESTIR** Vel fór á með gestum hófsins.

**SÁTTIR** Höfundar bókarinnar, Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson, ásamt Þorbirni Þórðarsyni fréttamanni.

**BÍÓ ★ PARADÍS** Heimili kvikmyndanna

**EUROPA CINEMAS** EUROPEAN FILM EXCHANGE

**ISLANDS** Kvikmyndumstöð

**DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS**



# Skráning hafin fyrir haustönn

Námskeið fyrir alla aldurshópa; börn, unglingar og fullorðnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir.

## • Forskólinn 3-5 ára:

Í forskólanum er unnið með lög úr Söngvaborg ásamt almennum leikskólalögum. Kennslustundin er 40 mínútur og fer þannig fram að börnin eru virkjuð til að syngja, hreyfa sig og að ná fram almennri tjáningu. Forskólinn er kenndur á sunnudögum og er í 10 vikur.

Kennari: Tinna Marína

## • Börn 5-12 ára:

Námskeiðið er í 13 vikur. Börnin mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn og er kennt alla daga vikunnar. Hóptímar 5-6 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín. Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æður hópsöngur.

Farið er í hljóðnemataækni, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Á námskeiðinu eru 5 tímar frábrugðnir venjulegri kennslustund; rytmatími, upptaka á geisladisk, upptaka á DVD og tónleikar fyrir foreldra og vini.

## • Unglingar 13-15 ára:

Námskeiðið er í 12 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn. Kennt er alla virka daga.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira. Danstími/rytmatími (val)

Hóptímar 4 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æður hópsöngur.

Í enda námskeiðsins er upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum og tónleikar.

## • Fullorðnir:

• Hóptímar:

Námskeiðið er í 10 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Hóptímar 3 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æður hópsöngur.

Upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum fylgir.

• Einkatímar:

Námskeiðið er 10 x hálf klst.

## • Complete Vocal Technique:

Complete Vocal Technique er tækni sem flestir atvinnusöngvarar nýta sér í dag. Hún byggir á 20 ára ítarlegum rannsóknum á öllum tegundum söngstíla, allt frá þungarokki yfir í klassískan söng. CVT kynnir nýjar og auðveldar aðferðir til að beita röddinni til hins ítrasta á heilbrigðan hátt.

8 vikna námskeið þar sem mætt er einu sinni í viku í 2 klst. 5 í hóp

Ath! Aldurstakmark og aðeins fyrir lengra komna.

Kennari: Ágústa Ósk

## • Píanónám eftir eyranu

Námskeiðið er í 10 vikur. 4 saman í hóp. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Námskeiðið er fyrir alla sem vilja læra á píanó, byrjendur eða lengra komna.

Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að spila á píanó eftir eyranu og að spila undir eigin söng. Upptaka í lok námskeiðs

A.T.H aldurstakmark 12 ára

Kennari: Pétur Hjalttested

Arnór Smáráson á skotskónum

Arnór Smáráson skoraði fyrra mark Helsingborgar sem sigraði Gefle á útivelli í sænsku úrvalsdeildinni í gær.

Guðjón Baldvinsson var einnig í sigurliði í sænsku deildinni í gær. Helsingborg lyfti sér á topp sænsku úrvals-deildinnar með sigrinum en liðið lenti undir strax á 19. mínútu leiksins í gær.

Arnór jafnaði metin á 33. mínútu og Robin Simovic tryggði liðinu sigurinn á 60. mínútu. Arnór lék allan leikinn fyrir Helsingborg líkt og Guðjón Baldvinsson gerði fyrir Halmstad sem sigraði AIK 1-0.

Stefan Selakovic skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu á 41. mínútu. Kristinn Steindórsson sat allan tímann á bekk Halmstad sem er sem fyrr í næst neðsta sæti deildarinnar en er nú stigi frá öruggu sæti í deildinni.



Tveir nýir stjórar berjast um England

**FÓTBOLTI** England mun nötra í kvöld þegar Manchester United tekur á móti Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Tveir nýir stjórar eru við stjórn-völinn og eins og svo oft áður verður allt lagt undir þegar þessi tvö lið etja kappi á Old Trafford.

David Moyes tók við Manchester United fyrir tímabilið þegar Sir Alex Ferguson ákvað að hætta sem stjóri liðsins. Þetta verður fyrsta alvöru prófið fyrir þann skoska er hann mætir José Mourinho og lærisveinum hans í Chelsea. Portúgalinn tók við Chelsea á ný í sumar en hann stýrði

Chelsea á árunum 2004-2007. Öll augu eiga eftir að beinast að Wayne Rooney, framherja Manchester United, en hann hefur verið orðaður við Chelsea í allt sumar.

Leikmaðurinn hefur gefið það út að hann vilji færa sig um set og ganga í raðir þeirra bláklæddu en forráðamenn Manchester United vilja alls ekki selja leikmanninn, og hvað þá til erkifjendanna í Chelsea.

Moyes sagði í enskum fjölmiðlum um helgina að Wayne Rooney gæti alveg eins verið í byrjunarliðinu á Old Trafford í kvöld.



**STÓRLEIKUR** Það verður allt lagt undir á Old Trafford í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY



**2-2**

**Hlíðarendi**  
735 áhorfendur  
Kristinn Jakobsson (6)

**Mörkin:** 0-1 Mark Tubæk (37.), 1-1 Matarr Jobe (49.), 1-2 Jóhann Helgi Hannesson (50.), 2-2 Patrick Pedersen (58.).

**Valur (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 6 - Magnús Már Lúðvíksson 6, Matarr Jobe 7, Bjarni Ólafur Eiríksson 5, Jónas Tór Næs 5 - Daniel Craig Racchi 5, Iain James Williamson 4 (´ 46 Matthías Guðmundsson 4), Lucas Ohlander 5 (´ 76 Indriði Áki Þorláksson -) - Kristinn Freyr Sigurðsson 4, Sigurður Egill Lárusson 4 (´ 66 Andri Fannar Stefánsson 6), Patrick Pedersen 6.

**Þór (4-3-3):** Joshua Wicks 6 - Sveinn Elías Jónsson 4, Hlynur Atli Magnússon 5, Atli Jens Albertsson 6, Ingi Freyr Hilmarsson 6 - Orri Freyr Hjaltalín 6, Ármann Pétur Evarsson 6, Jónas Björgvin Sigurbergsson 5 (´ 89 Baldvín Ólafsson) - \*Mark Tubæk 8, Edin Beslija 4 (´ 76 Orri Sigurjónsson -), Jóhann Helgi Hannesson 7.

**Skot (á mark):** 8-9 (5-6) Horn: 1-8

**Varin skot:** Fjalar 4 - Joshua 3

**Aukaspyrnur:** 9-12



**0-0**

**Ólafsvík.völlur**  
570 áhorfenduð  
Gunnar Jarl Jónsson (8)

**Víkingur Ólafsvík(5-3-2):** Einar Hjörleifsson 7 - Damir Muminovic 7, Insa Bohigues Francisco 6, Tomasz Luba 7, Brynjar Kristmundsson 5, Samuel Jimenez Hernandez 4 - Abdel-Farid Zato Arouna 7, Björn Pálsson 6(76. Antonio Jose Espinosa Mossi), Eldar Masic 5 - Eypór Helgi Birgisson 4(63. Alfreð Már Hjaltalín 5), Guðmundur Steinn Hafsteinsson 5(82. Juan Manuel Torres Tena).

**Breiðablik (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 5 - Þórður Steinar Hreiðarsson 6(70. Viggó Kristjánsson), Sverrir Ingi Ingason 7, Renee Gerard Troost 7, Kristinn Jónsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 7, \*Andri Rafn Yeoman 7, Tómas Óli Garðarsson 6(86. Arnar Már Björgvinsson) - Olgeir Sigurgeirson 4(70. Nicholas Rohde), Árni Vilhjálmsson 6, Ellert Hreinsson 5, (86. Arnar Már Björgvinsson).

**Skot (á mark):** 8-14 (1-10) Horn: 1-10

**Varin skot:** Einar 9 - Gunnleifur 1

**Aukaspyrnur:** 10-13



**3-1**

**KR-völlur**  
2974 áhorfendur  
Þorvaldur Árnason (7)

**Mörkin:** 1-0 Freyr Bjarnason, sjálfsmark (55.), 2-0 Guðmundur Reynir Gunnarsson (59.), 2-1 Atli Viðar Björnsson, 3-1 Óskar Örn Hauksson (88.).

**KR (4-3-3):** Rúnar Alex Rúnarsson 9\* - Haukur Heiðar Hauksson 7, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Jonas Grönnér 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 7 - Bjarni Guðjónsson 5 (46., Brynjar Björn Gunnarsson 6), Jónas Guðni Sævarsson 6, Baldur Sigurðsson 8 - Emil Atlason 5 (90., Kjartan Henry Finnbogason -), Óskar Örn Hauksson 6, Gary Martin 5 (79., Þorsteinn Már Ragnarsson -).

**FH: (4-4-2):** Röbert Örn Óskarsson 7 - Sam Tillen 7, Pétur Viðarsson 6, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 5, Jón Ragnar Jónsson 5 (46., Freyr Bjarnason 5) - Ingimundur Níels Óskarsson 6, Davíð Þór Viðarsson 5, Björn Daníel Sverrisson 6, Emil Pálsson - (5., Atli Guðnason 6) - Atli Viðar Björnsson 7, Albert Brynjar Ingason 7 (66., Kristján Gauti Emilsson 5).

**Skot (á mark):** 9-15 (6-10) Horn: 5-12

**Varin skot:** Rúnar 7 - Röbert 3

**Aukaspyrnur:** 12-10



**0-1**

**Fylkisvöllur**  
áhorfend. óuppg.  
Magnús Þórisson (7)

**Mörkin:** 0-1 Viðir Þorvarðarson (14.)

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 7 - Ásgeir Örn Arnþórsson 5, Sverrir Garðarsson 6, Agnar Bragi Magnússon 5, Tómas Þorsteinsson 5 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6 (80. Kjartan Ágúst Breiðdal 5), Guy Roger Eschmann 7, Pablo Punyed 4 - Davíð Einarsson 6 (66. Elís Rafn Björnsson 5), Emil Berger 6, Viðar Örn Kjartansson 7.

**ÍBV (4-4-2):** David James 8\* - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Matt Garner 5 (42. Jón Ingason 6) - Ian David Jeffs 7, Gunnar Þorsteinsson 6, Tonny Mawejje 5, Viðir Þorvarðarson 7 - Aziz Kemba 4 (80. Arnar Bragi Bergsson 5), Aaron Spear 6 (66. Ragnar Pétursson 5).

**Skot (á mark):** 12-7 (5-2) Horn: 4-1

**Varin skot:** James 3 - Bjarni 4

**Aukaspyrnur:** 13-15

Aron í sögubækurnar í Cardiff

Íbúar Cardiff eiga eftir að muna eftir nafni Arons Einars Gunnarssonar í nánustu framtíð en leikmaðurinn skoraði í gær fyrsta markið í sögu félagsins í ensku úrvalsdeildinni. Cardiff vann Manchester City 3-2.

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson komst í gær í góðan hóp Íslendinga sem hafa skorað í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

Landsliðsfyrirliðinn gerði sér lítið fyrir og skoraði fyrsta mark í sögu Cardiff City þegar liðið bar sigur úr býtum, 3-2, gegn Manchester City í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í gær.

Aron jafnaði metin í 1-1 þegar um háltími var eftir af leiknum og það var síðan liðsfélagi hans Fraizer Campbell sem bætti við tveimur mörkum fyrir Cardiff.

„Það var vissulega mjög sérstakt að skora þetta mark fyrir lið eins og Cardiff,“ segir Aron Einar Gunnarsson í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Það sem skipti samt sem áður mestu máli voru stigin sem við fengum í dag og að liðið sé komið í gang. Það reiknaði enginn með því að við myndum fá eitthvað út úr þessum leik en það var frábært fyrir okkur, við unnum okkur inn smá virðingu frá hinum liðunum í deildinni.“

Liðsheildin er lykillinn að þeim árangri sem Cardiff hefur náð í gegnum árin að mati Arons.

„Við vorum allir að vinna mikið fyrir hvorn annan í dag og við verðum að halda því áfram í þessari deild. Leikmenn Manchester City eru eflast með meiri gæði en við en það skipti bara engu máli í dag, við fórum í gegnum þetta saman sem lið.“

Það hefur alltaf verið markmiðið hjá Aroni að komast í ensku úrvalsdeildina og nú er markmiðinu náð.

Setti stefnuna á úrvalsdeildina

„Ég hef stefnt að þessu allan minn feril og ég er virkilega stoltur af því að vera kominn í þessa deild svona ungur. Nú ætla ég bara að njóta þess að spila í bestu deild í heiminum.“

Aron vill meina að liðið sé nægilega gott til þess að halda



**SÁ FYRSTI** Aron Einar Gunnarsson kom heimamönnum í Cardiff á bragðið gegn Manchester City í ensku úrvalsdeildinni í gær en hann skoraði fyrsta markið í sögu félagsins í bestu deild heims. Hann fagnar hér með Fraizer Campbell. NORDICPHOTOS/GETTY

sér uppi í ensku úrvalsdeildinni og jafnvel gott betur en það.

„Það er búið að leggja mikla vinnu í þetta lið og ég held að Cardiff sé í fjórða sæti yfir þau lið sem hafa eytt mestum peningum í leikmenn fyrir þetta tímabil. Það er því gott fyrir mig að finna fyrir traustinu frá stjóranum og að ég sé í stóru hlutverki með liðinu.“

Cardiff tapaði fyrir West Ham United í fyrstu umferð en að sögn Arons fóru leikmenn liðsins vel í gegnum þann leik í vikunni og náðu að lagfæra ákveðin atriði.

stefanp@frettabladid.is

Peir sem hafa skorað í úrvalsdeildinni

Þorvaldur Örlýgsson  
Guðni Bergsson  
Arnar Gunnlaugsson  
Hermann Hreiðarsson  
Ívar Ingimarsson  
Heiðar Helguson  
Þórður Guðjónsson  
Jóhannes Karl Guðjónsson  
Brynjar Björn Gunnarsson  
Grétar Rafn Steinsson  
Gylfi Sigurðsson  
Aron Einar Gunnarsson



**HÆTTULEGUR** Gylfi Þór Sigurðsson hefur farið mikinn fyrir Swansea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Það hefur enginn haft samband við mig

KSÍ hefur ekki rætt við Elísabetu Gunnarsdóttur varðandi starf landsliðsþjálfara kvenna

**FÓTBOLTI** Staða íslenska landsliðsþjálfara kvenna er laus en Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, gaf ekki kost á sér í starfið áfram. KSÍ hefur að undanförmu verið í leit að nýjum landsliðsþjálfara en Þorlákur Árnason, þjálfari kvennaliðs Stjörnnunnar, hefur nú þegar afþakkað starfið.

Nú þykir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Kristianstads í Svíþjóð, líklegasti arftakinn en hún er margreyndur þjálfari sem þekkir íslenska kvennaknattspyrnu vel en Elísabet þjálfaði Val til margra ára og gerði liðið nokkrum sinnum að Íslandsmeisturum.

„KSÍ hefur ekkert haft samband við mig,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir í samtali við Fréttablaðið.

Hávær umræða hefur verið um íslenska kvennalandsliðið undanfarna viku og hafa sumir leikmenn liðsins verið gagnrýndir harðlega. Leikmenn liðsins virðast hafa sent Sigurði Ragnari Eyjólfssyni bréf þess efnis að hann skildi láta gott heita og stíga til hliðar.

„Mér finnst umræðan um kvennalandsliðið hafa farið út í miklar öfgar síðustu daga. Mér þykir alveg ótrúlega vænt um þessar stelpur og hef þjálfað þær flestallar á einhverjum tímapunkti á Íslandi. Mér þykir því þessi umræða afskaplega leiðinleg. Þetta eru allt frábærir leikmenn í þessu liði og íslenska kvennalandsliðið mun halda áfram að standa sig vel inn á fótboltavellinum, sama hver tekur við þeim, segir Elísabet. “ -sáp



**HVER TEKUR VIÐ?** Elísabet Gunnarsdóttir hefur mikla þekkingu á íslenskri kvennaknattspyrnu og kemur til greina sem landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐ/DANÍEL

# Til hamingju Breiðablik!

Við óskum Breiðabliki til hamingju með Borgunarbikarinn 2013.  
Borgun styður íslenska knattspyrnu og er stoltur bakhjarl  
Borgunarbikarsins.



Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

**BORGUN**  
AÐVELDAR VIÐSKIPTI

# Tíundi bikarmeistaratitill Blika

Breiðablik varð bikarmeistari kvenna í knattspyrnu um helgina er liðið bar sigur úr bítum í leik gegn Þór/KA á Laugardalsvelli. Akureyringurinn Rakel Hönnudóttir var hetja Blika í leiknum og skoraði sigurmarkið. Tíu titlar í fimmtán leikjum hjá Breiðablik.

**FÓTBOLTI** Breiðablik varð um helgina bikarmeistari í knattspyrnu kvenna eftir frábæran sigur á Þór/KA, 2-1, á Laugardalsvelli. Mikil stemning var á vellinum og mættu 1605 áhorfendur á leikinn en það mun vera áhorfendamet á bikarúrslitaleik kvenna. Aðsókn á leiki sumarsins í kvennaknattspyrnunni hefur aukist jafnt og þétt. Breiðablik var að taka þátt í sínum fimmtánda bikarúrslitaleik í sögu kvennaliðsins og var þetta tíundi bikarmeistaratitill Blika. Þór/KA var í sínum fyrsta bikarúrslitaleik og mun liðið eflaust setja þennan leik í reynslubankann.

**Akureyringurinn kláraði leikinn** Það var Rakel Hönnudóttir, fyrrverandi leikmaður Þórs/KA, sem tryggði Blikum sigurinn með öðru marki liðsins um hálf tíma fyrir leikslok. Rakel gekk í raðir Breiðabliks fyrir síðasta tímabil og þurfti síðan að horfa á sína gömlu félega hampa Íslandsmeistaratitlinum undir lokin. Núna hefur hún unnið sinn eigin titil og fagnaði gríðarlega í leikslok á laugardaginn. „Ég get eiginlega ekki lýst tilfinningunni, ég er svo glöð,“ segir Rakel Hönnudóttir, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn. Rakel var ánægð með hvernig liðið brást við mótlætinu þegar Þór/KA jafnaði metin í upphafi síðari hálfleiksins. „Það er ekkert alltof skemmtilegt að keppa á móti mínum gömlu félögum en það eru að



**HETJAN** Rakel Hönnudóttir var fagnað mikið í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

verða komin tvö ár síðan ég fór. Það hafa eflaust fleiri leikmenn skipt um lið en ég og fólk ætti að vera búið að jafna sig á þessu.“ Rakel var að vonum ánægð með úrslit leiksins og með að fá sinn eigin titil í hendurnar. „Það var mjög erfitt að sjá mitt gamla lið taka á móti Íslandsmeistaratitlinum í fyrra en þetta var bara mín ákvörðun og ég tel að hún hafi verið rétt. Núna er ég sæll og kátur bikarmeistari.“

**Kominn tími á bikar** „Það þarf alltaf að hafa fyrir sigri og við fengum að finna fyrir því á laugardaginn. Ég er mjög stoltur af liðinu og virkilega ánægður með bikarinn. Það var kominn tími á bikar í Kópavog,“ segir Hlynur Svan Eiríksson, þjálfari Breiðabliks, í samtali við Fréttablaðið. „Heilt yfir fannst mér við spila vel í leiknum en duttum niður á tímabili. Sérstaklega í upphafi seinni hálfleiks og þá hleyptum við þeim alltof mikið inn í leik-



**SÁ TÍUNDI** Greta Mjöll Samúelsdóttir, fyrirliði Breiðabliks, lyftir hér bikarinn á laugardaginn. Greta Mjöll tók þátt í síðasta bikarúrslitaleik kvennaliðsins árið 2005 þegar liðið hafði betur gegn KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

inn á ný. Sem betur fer náðum við að klára leikinn og ná í dolluna.“ Hlynur Svan hafði sína skoðun á því hvernig er að þjálfast stelpur og stóð því ekki á skoðun sinni um umræðu síðustu viku um kvennalandsliðið í knattspyrnu. „Það er ekkert mál að þjálfast stelpur og við verðum að hætta þessari umræðu sem fyrst. Það

er nauðsynlegt að halda áfram því frábæra starfi sem er í gangi í íslensku kvennaknattspyrnu og einbeita sér betur að því.“ Hlynur Svan þjálfaði Þór/KA árið 2011 og lagði því einnig sína gömlu félagi að velli um helgina. Hann fékk Rakel Hönnudóttir yfir til Breiðabliks.

stefanp@frettabladid.is

## Bikarúrslitaleikur

**2-1**

**Laugaralsvöllur**  
1605 áhorfendur  
**Vilhjálmur A. Þórarinnsson**

**Mörkin:** 1-0 Guðrún Arnardóttir (19.), 1-1 Katrín Ásbjörnsdóttir (49.), 2-1 Rakel Hönnudóttir (59.).

# Suðræni Skyr.is drykkurinn er kominn aftur

**Kolvetnaskertur**



**ENGINN HVÍTUR SYKUR**

**NÝTT**  
MANGÓ & ÁSTARALDIN

**Skýr.is**  
PRÓTEINRÍKT OG FITULAUST

# Vettel með fimmta sigurinn í ár

Sebastian Vettel er kominn í góða stöðu í Formúlunni

**FORMÚLA** Þjóðverjinn Sebastian Vettel hjá Red Bull bar sigur úr bítum í belgíska kappakstrinum sem fram fór í gær. Vettel tók fram úr Lewis Hamilton hjá Merce-des í upphafi kappakstursins en Hamilton var á ráspól. Þegar leið á kappaksturinn náði Fernando Alonso hjá Ferrari að komast fram úr Hamilton og krækti í annað sætið. Alonso náði að vinna sig úr níunda sæti upp í annað sæti og var í raun sigur-vegari dagsins í gær.

Þetta var fimmti sigur Vettel í ár en alls eru búin ellefu mót á tímabilinu. Þjóðverjinn er í efsta sæti í keppni ökumanna, 46 stigum á undan Fernando Alonso. „Þetta var frábær kappakstur,“ sagði Vettel eftir mótið í gær. „Alveg frá byrjun til enda voru menn að berjast gríðarlega. Það var ótrúlega mikilvægt fyrir mig að taka fram úr Hamilton á fyrsta hring, það gerði það að verkum að ég gat stjórnað kappakstrinum allan tímann og var í raun aldrei

í neinum vandræðum.“ „Við þurftum að eiga góðan dag til að komast á pall og sérstaklega eftir slæma tímatöku á laugar-daginn,“ sagði Fernando Alonso eftir kappaksturinn. „Bíllinn hagaði sér vel í dag og ég gat keyrt á mínum hraða allan tímann. Ég var aldrei í vandræðum með að halda öðru sætinu eftir að ég tók fram úr Hamilton, var samt sem áður allt of langt frá Vettel til að keppa um sigurinn.“ - sáþ



Í GÓÐRI STÖÐU Sebastian Vettel kom, sá og sigraði í belgíska kappakstrinum í gær en Þjóðverjinn vann mótið nokkuð auðveldlega.

NORDICPHOTOS/GETTY



VERÐUR BLÁKLÆDDUR Willian endaði hjá Chelsea.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Willian farinn til Chelsea

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Chelsea hefur staðfest kaupin á brasilíska sóknartengi-liðinum Willian frá rússneska félaginu Anzhi Makhackala. Leikmaðurinn á þó eftir að fá atvinnuleyfi en það ætti að berast á miðvikudaginn. Chelsea hafði betur í baráttunni við Liverpool og Tottenham um Willian en hann var við það að ganga til liðs við Tottenham þegar Chelsea blandaði sér í baráttuna. Kaupverðið er talið vera nálægt 30 milljónum punda. Þrátt fyrir að þurfa að berjast um sæti í liði Chelsea við leikmenn á borð við Juan Mata, Eden Hazard, Oscar, Kevin De Bruyne og Schürrle valdi Willian Chelsea og þar hefur tækifærið á að leika í Meistaradeild Evrópu líklega leikið stórt hlutverk en hvorki Liverpool né Tottenham verða í Meistaradeildinni í vetur.

- gmi

## ENSKA DEILDIN 2013

### ÚRSLIT

<b>ASTON VILLA - LIVERPOOL</b>	<b>0 - 1</b>
0-1 Daniel Sturridge (21.).	
<b>EVERTON - WEST BROM ALBION</b>	<b>0 - 1</b>
<b>HULL CITY - NORWICH</b>	<b>1 - 0</b>
1-0 Robbie Brady (22.)	
<b>NEWCASTLE - WEST HAM</b>	<b>0 - 0</b>
<b>SOUTHAMPTON - SUNDERLAND</b>	<b>1 - 1</b>
0-1 Emanuele Giaccherini (3.), 1-1 Jose Fonte (88.).	
<b>STOKE CITY - CRYSTAL PALACE</b>	<b>2 - 1</b>
0-1 Marouane Chamakh (31.) , 1-1 Charlie Adam (58. ) , 2-1 Ryan Shawcross (62. )	
<b>FULHAM - ARSENAL</b>	<b>1 - 3</b>
0-1 Olivier Giroud (14.), 0-2 Lukas Podolski (41.), 0-3 Lukas Podolski (68.), 1-3 Darren Bent (77.).	
<b>CARDIFF - MANCHESTER CITY</b>	<b>3 - 2</b>
0-1 Edin Dzeko (52.), 1-1 Aron Einar Gunnarsson (60.) , 2-1 Fraizer Campbell (79.), 3-1 Fraizer Campbell (87.), 3-2 Álvaro Negredo (92.)	
<b>TOTTENHAM - SWANSEA</b>	<b>1 - 0</b>
1-0 Roberto Soldado (58.)	



ENNEW / SIA / NWS726

# Við bjóðum Opna Íslandsbankamótið

## GRAFARHOLT

18

PAR 71

5478 4669

### Allir velkomnir!

Opna Íslandsbankamótið verður haldið á Grafarholtsvelli Golfklúbbs Reykjavíkur laugardaginn 31. ágúst.

- **Skráning hefst á golf.is, þriðjudaginn 27. ágúst kl. 10**  
Gjald viðskiptavina Íslandsbanka sem greiða með greiðslukorti Íslandsbanka eða Byrs er aðeins 2.500 kr. en almennt gjald er 5.000 kr.

### Fjöldi veglegra verðlauna í boði fyrir:

- 1.–3. sæti í punktakeppni kvenna
- 1.–3. sæti í punktakeppni karla
- 1.–3. sæti í höggleik

Nándarverðlaun á öllum par 3 holum

### Meðal verðlauna á mótinu:

- Þrjú gjafakort frá Íslandsbanka að verðmæti 80.000 kr.
- Þrír Samsung Galaxy S4 símar frá Símanum
- Þrjú gjafabréf til Evrópu með Saga Club Icelandair
- PING 25 driver
- Tvær 25.000 kr. ferðaávisanir MasterCard

- Tvær ársáskriftir hjá SkjárGolf
- Þrjú gjafabréf í Borgarleikhúsið
- Gjafabréf í Baðstofuna í Laugum
- Gjafabréf á Tapasbarinn
- Gjafabréf á Rossopomodoro
- Og margt fleira

Verðlaunaafhending að móti loknu

Hlökkum til að sjá ykkur, starfsfólk Íslandsbanka

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Stöð 2 kl 20.00  
Nashville

Dramatískir þættir þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjalla um kántrí-söngkonuna Rayna James sem muna má sinn fífil fegurri og ferillinn farinn að dala. Ungstirnið Juliette Barnes er hins vegar á uppleið á ferlinum og á framtíðina fyrir sér. Rayna sér þann kost vænstan að reyna á samstarf þeirra til að eiga von á að geta haldið áfram í bransanum. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Hayden Panettiere.



Í KVÖLD



**Glæður**  
**SJÓNVARPIÐ KL 21.00** Breskur myndaflokkur um sjö vini í London sem leigðu saman íbúð á námsárum sínum á sjöunda áratugnum. Við hefjum leikinn árið 2012 við jarðarför eins úr hópnum og síðan er stiklað á stóru í lífi sjö-menninganna frá 1965 til okkar daga.

TV.COM 9,4 **IMDb** 6,7



**The Big Bang Theory**  
**STÖÐ 2 KL 19.15** Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilega gamanþætti um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

TV.COM 9,0 **IMDb** 7,4



**Rookie Blue**  
**SKJÁREINN KL 21.10** Skemmtilegur þáttur um líf nýliða í lögreglunni sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin bresti. Stjórnlaus maður gengur laus og nýliðarnir þurfa að taka ákvörðun.

TV.COM 8,1 **IMDb** 6,8

X-ið 977 kl 17.30  
Frosti

Meistari kynþokkans Frosti Logason fylgir þér heim eftir daginn.



Helgi *syngur* **Hauk** ásamt **THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA** frá Berlin

★★★

Eldborg í Hörpu

II.október

Sérstakir gestir:

Sigriður Thorclacius

Bogomil font

Björgvin Halldórsson

Miðasalan í fullum gangi!

Pú getur nálgast þinn miða á:

harpa.is og midi.is

★★★

- STÖÐ 2**

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.10 Malcolm In the Middle

08.30 Ellen

09.15 Bold and the Beautiful

09.35 Doctors

10.15 Hawthorne

11.00 Falcon Crest

11.45 Wipeout

12.35 Nágrannar

13.00 Perfect Couples

13.25 So You Think You Can Dance

14.45 ET Weekend

15.35 Geimkeppni Jóga björns

16.25 Ellen

17.10 Bold and the Beautiful

17.32 Nágrannar

17.57 Simpson-fjölskyldan

18.23 Veður

18.30 Fréttir

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.06 Veður

19.15 The Big Bang Theory (16:24)

19.35 Modern Family

20.00 Nashville (10:21)

20.40 Suits (5:16)

21.25 The Newsroom (7:9) Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í aðalhlutverki.

22.15 The Untold History of The United States (1:10) Stórbrótin heimildabáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórvíburði í sögu Bandaríkjunum.

23.15 The Big Bang Theory

23.40 Mike & Molly

00.00 How I Met Your Mother

00.25 Orange is the New Black

01.20 Veep

01.50 Undercovers

02.30 Gentlemen Prefer Blondes

04.00 The Untold History of The United States

05.00 The Big Bang Theory

05.20 Fréttir og Ísland í dag



- 19.00 Friends
- 19.20 The Simpsons (19:21)
- 19.45 Two and a Half Men
- 20.05 Don't Tell the Bride (5:6) Raunveruleikabættir um pör í hjónabands-hugleiðingum sem fá 25.000 pund til þess að halda draumabréðkaupið.
- 21.00 Hart of Dixie (21:22)
- 21.45 Hart of Dixie (22:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlkur sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama.
- 22.30 The Lying Game (9:20) Spennuþættir frá höfundri Pretty Little Liars, og fjalla um eineggja tvíburasystur sem voru aðskildar við fæðingu.
- 23.15 The Lying Game
- 23.55 Friends
- 00.20 The Simpsons
- 00.45 Two and a Half Men
- 01.10 Don't Tell the Bride
- 02.05 The Lying Game
- 02.50 The Lying Game
- 03.30 Tónlistarmyndbönd



20.00 Frumkvöðlar 20.30 Golf fyrir alla 21.00 Eldhús meistaranna 21.30 Sæðis í Gleysm mér ei

**ÚTVARP**  
**FM 88,5** XA-Radíó  
**FM 90,1** Rás 2

**FM 90,9** Gullbylgjan  
**FM 93,5** Rás 1  
**FM 95,7** FM957

- SPORT** *besta sætið*

07.00 KR - FH

16.45 Malaga - Barcelona

18.25 Meistaradeild Evrópu - fréttabátt

18.55 Granada - Real Madrid Beint

21.05 Spænsku mörkin 2013/14

22.00 Pepsi mörkin 2013

23.15 KR - FH

00.55 Pepsi mörkin 2013

- SPORT 2** *enski boltinn*

07.00 Tottenham - Swansea

15.30 Southampton - Sunderland

17.10 Aston Villa - Liverpool

18.50 Man. Utd. - Chelsea Beint

21.00 Messan

22.00 Football League Show 2013/14

22.30 Man. Utd. - Chelsea

00.10 Messan



07.10 Refurinn Pablo 07.15 Litlu Tommi og Jenni 07.40 Kai Lan 08.05 Svampur Sveinsson 08.25 Könnuðurinn Dóra 08.50 Mörgæsinar frá Madagaskar 09.10 Strumparnir 09.35 Waybuloo 09.55 Fjörugi teiknimyndatíminn 10.20 Áfram Diego, áfram! 10.40 Histeria! 11.00 Doddi litli og Eyrnastór 11.10 Ofuröndin 11.35 Lalli 11.45 Refurinn Pablo 11.50 Litlu Tommi og Jenni 12.10 Kai Lan 12.35 Svampur Sveinsson 13.00 Könnuðurinn Dóra 13.25 Mörgæsinar frá Madagaskar 13.45 Strumparnir 14.10 Waybuloo 14.30 Fjörugi 14.50 Áfram Diego, áfram! 15.15 Histeria! 15.35 Doddi litli og Eyrnastór 15.45 Lalli 15.55 Refurinn Pablo 16.00 Litlu Tommi og Jenni 16.20 Kai Lan 16.45 Svampur Sveinsson frá Madagaskar 17.55 Strumparnir 18.20 Waybuloo 19.00 Áfram Diego, áfram! 19.25 Histeria! 19.50 Doddi litli og Eyrnastór



- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.25 Grillskóli Jóa Fel
- 21.00 The Practice
- 22.30 Cold Case
- 23.15 Sjálfstætt fólk
- 23.40 Grillskóli Jóa Fel
- 00.15 The Practice
- 01.45 Cold Case
- 02.30 Tónlistarmyndbönd



- 11.10 Journey 2: The Mysterious Island
- 12.45 Big Miracle
- 14.30 Philadelphia
- 16.35 Journey 2: The Mysterious Island
- 18.10 Big Miracle H
- 19.55 Philadelphia
- 22.00 Sherlock Holmes: A Game of Shadows
- 00.05 The Lucky One
- 01.45 Kick Ass
- 03.40 Sherlock Holmes: A Game of Shadows



- 17.20 Fæturnir á Fanneyju
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfrahnötturinn
- 17.51 Engilbert ræður
- 17.58 Skoltur skipstjóri
- 18.15 Táknmálsfréttir
- 18.25 Doktor Ása
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Þyrnirós vakin (Waking Sleeping Beauty) Bandarísk heimildamynd um sögu teiknimyndagerðar hjá Disney-fyrirtækinu.
- 21.00 Glæður (3:6) (White Heat) Breskur myndaflokkur um sjö vini í London sem leigðu saman íbúð á námsárum sínum á sjöunda áratugnum. Við hefjum leikinn árið 2012 við jarðarför eins úr hópnum og síðan er stiklað á stóru í lífi sjömenninganna frá 1965 til okkar daga.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Vörður laganna (3:10) (Copper) Bandarískur sakamálmundaflokkur. Þættirnir gerast í New York upp úr 1860 og segja frá ungri írskri löggæslu sem hefur í nógu að snúast í hverfinu sínu. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.05 Þögnin (2:4) (The Silence) Bresk sakamálabáttaröð. Heyrnarlaus stúlka verður vitni að morði á lögreglukonu í Bristol og í ljós kemur að fíkniefnalögreglan er viðriðin málið.
- 00.05 Fréttir
- 00.15 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 07.35 Everybody Loves Raymond
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 16.25 The Good Wife
- 17.10 Judging Amy
- 17.55 Dr. Phil
- 18.40 America's Funniest Home Videos
- 19.05 Everybody Loves Raymond
- 19.30 Cheers (19:25) Endursýningar frá upphafi á þessum vinsælu þáttum.
- 19.55 Rules of Engagement (2.13)
- 20.20 Kitchen Nightmares (3:17) Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn besti kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað.
- 21.10 Rookie Blue (3:13) Skemmtilegur þáttur um líf nýliða í lögreglunni sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin bresti. Stjórnlaus maður gengur laus og nýliðarnir þurfa að taka ákvörðun.
- 22.00 NYC 22
- 22.45 CSI: New York (20:22) Vinsæl bandarísk sakamálabáttaröð um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 23.25 Law & Order
- 00.15 Last Comic Standing
- 01.00 NYC 22
- 01.45 Rookie Blue
- 02.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport 10.15 The Barclays - PGA Tour 2013 13.15 Golfing World 14.05 The Barclays - PGA Tour 2013 17.05 PGA Tour - Highlights 18.00 Golfing World 18.50 The Barclays - PGA Tour 2013 21.35 Inside the PGA Tour 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights 23.45 The Barclays - PGA Tour 2013 02.45 Eurosport

**FM 102,2** Útv. Latibær  
**FM 102,9** Lindin  
**FM 105,5** Útvarp Boðun

RISARNIR Í ENSKA BOLTANUM MÆTAST  
Í KVÖLD KL. 18:50 Á STÖÐ 2 SPORT 2

# MAN. UTD CHELSEA



Pantaðu á  
**365.is** eða  
**stod2.is**

## MOURINHO MÆTIR MOYES Á OLD TRAFFORD

Enski boltinn fer af stað með látum. Meistararnir frá Manchester og þeir bláklæddu í Chelsea líta vel út í byrjun móts og verður spennandi að sjá liðin takast á. Ekki missa af einum stærsta leik tímabilsins!

ENSKI BOLTINN, NETIÐ OG HEIMASÍMI

# 8.990 kr.

Yfir 380 leikir í beinni á 8.990 kr.  
gegn 12 mánaða samningi. Ljóshraða  
internet og heimasími innifalinn.

Fáðu þér áskrift  
512 5100  
[stod2.is](http://stod2.is)

ICELANDAIR

1011  
Fjótlegt og þægilegt

Coca-Cola

Domino's

**SPORT 2**

enski boltinn

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er Get Lucky sem allir eru að hlusta á með Daft Punk. Það gerir mánudagana ljómandi góða.“

Guðrún Veiga Guðmundsdóttir lífsstíls-  
bloggari.

Anda að sér ómenguðu kántrí

Hljómsveitin Baggalútur tekur upp nýja plötu í Nashville í Bandaríkjunum.

„Það verður gaman að koma þarna og anda að okkur ómenguðu kántrí,“ segir Bragi Valdimar Skúlason Baggalútur. Hljómsveitin flýgur í dag til Nashville, höfuðborgar sveita-tónlistarinnar. Þar dvelur hún í eina viku við upptökur á næstu plötu sinni sem er væntanleg fyrir júl. Spurður hvort um hreinræktaða kántríplötu sé að ræða segir Bragi það því miður óumflýjanlegt. „Við biðjumst velvirðingar á því fyrir fram en þetta verður þjóðmenningarlegt kántrí.“

Baggalúti til halds og trausts við upptökurnar verða hljóðversspilarar sem hafa áður unnið með sveitinni. „Þetta samstarf byrjaði þegar okkur vantaði sjúklega hratt banjó á fyrstu plötuna, Pabbi þarf að vinna. Hann Ilya Toshinsky, sem er íþróttamaður á banjó, kemur og verður með okkur. Við munum setja upp hattana og bóna sporana og það verður fírað upp í blágresinu.“ Aðspurður hvort eingöngu frum-samin lög verði á plötunni segir Bragi kankvís: „Það hefur verið stefnan hjá okkur. Við stelum bara á jölunum.“ - fb

2008

Síðasta plata Baggalúts með frumsömdu efni kom út 2008.

KOMNIR Í KÁNTRÍGÍRINN  
Hljómsveitin er á leiðinni til Nashville þar sem tekin verður upp ný plata.



Stefnir í annað met á Airwaves

Talið er að fjöldi erlendra gesta á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves verði um 4.500 manns.

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves fer fram í fimmtánda sinn dagana 30. október til 3. nóvember. Að þessu sinni koma 210 listamenn fram á hátíðinni, þar af eru tæplega sextíu erlendir. Síðustu listamennirnir sem fram koma verða tilkynntir nú á miðvikudag. Miðasala á hátíðina hófst seint á síðasta ári og stefnir í að uppselt verði á hátíðina innan skamms. Í fyrra varð uppselt átta vikum áður en hátíðin hófst. Alls verða um sex þúsund miðar seldir í ár og svo virðist sem enn eitt metið verði slegið í fjölda erlendra tónleikagesta. „Við erum mjög nálægt því að selja upp og það lítur út fyrir að við sláum enn eitt metið með fjölda erlendra gesta í ár, en í fyrra voru þeir um fjögur þúsund,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir, kynningarstjóri Iceland Airwaves. Búist er við að erlendir gestir hátíðarinnar verði um 4.500 talsins.



ANNAÐ MET Kamilla Ingibergsdóttir kynningarstjóri býst við miklum fjölda erlendra gesta á Iceland Airwaves í ár.

Meðal þeirra er koma fram á hátíðinni er þýska tölvupoppsveitin Kraftwerk. Sveitin mun stíga á stokk sunnudaginn 3. nóvember.



BYRJADI AÐ KENNA HEIMA  
Dósasmiðjan hefur stækkað ört en starfsemin er nú komin í húsnæði í Borgartúni, auk þess sem 14 manns eru þar í vinnu.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikhópur fyrir alla


Baunadósinn er óhefðbundin aðferð til þess að kenna útlendingum íslensku.

„Við erum að stofna leikhóp fyrir alla, þar sem engin krafa er gerð um að tala íslensku eða ensku,“ segir Ólafur Guðmundsson, verkefnastjóri Baunadósarinnar, tilraunaverkefni á vegum Dósasmiðjunnar, sem er skóli þar sem útlendingum er kennt íslenska. Verkefnið er leikhópur sem skipaður er útlendingum búsettum á Íslandi. „Leikhópurinn kallar sig Baunadósina og stefnir að því að fara í gang með námskeið og sýningu í nóvember,“ segir Ólafur jafnframt. Leikhópnum leikstýrir Ólafur og Egill Gunnarsson er kórstjóri. „Útlendingar eiga það til að einangrast á Íslandi, og annars staðar sé út í það farið. Við viljum leggja áherslu á það að útlendingar geti kynnst Íslendingum út frá áhugamálum sínum og það gerum við með því að stofna leikhóp sem þennan, þar sem engar kröfur eru

gerðar um tungumálakunnáttu, en öll kennsla fer þó fram á íslensku,“ segir Gígja Svavarsdóttir, eigandi og skólustjóri Dósaverksmiðjunnar. Leiklistarverkefnið verður unnið upp úr íslenskri menningu og sýn þátttakenda á hana. Þar verður fléttað saman leiklist, söng og dansi. Þetta er tilraunaverkefni sem tengist annarri starfsemi Dósaverksmiðjunnar, sem er tungumálaskóli fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku. „Það að aðlagast nýju samfélagi og kynnast nýju fólki snýst að miklu leyti um að taka þátt og svo auðvitað um raunveruleg áhugamál manns, óháð þjóðerni,“ heldur Gígja áfram. „Þetta er spurning um að taka skrefið og það getur verið erfitt, því maður er oft óöruggur að byrja að fóta sig í nýju samfélagi,“ bætir Gígja við.

Baunadósinn er enn í þróun og mun verða það allan tímann sem verkefnið stendur yfir. „Þannig höfum við alltaf unnið hér í Dósaverksmiðjunni,“ segir Gígja. „Nemendurnir móta námið með okkur og það finnst okkur hafa gefið góða raun.“ Gígja stofnaði Dósaverksmiðjuna árið 2008. „Ég flutti heim frá Ítalíu daginn sem Glitnir féll,“ segir Gígja hlæjandi. „Ég er kennari og fékk enga vinnu, þannig að ég byrjaði að kenna heima með mannum mínum. Það var fljótt að sprengja utan af sér,“ útskýrir Gígja. „Á sama tíma losnaði kjallaraíbúðin fyrir neðan íbúðina okkar og við náðum að skrapa saman fyrir henni. En svo fimm árum síðar erum við flutt hingað í Borgartúnið og erum með 14 manns í vinnu,“ segir Gígja og hlær. „Það er nóg að gera og þetta er líka bara svo skemmtilegt,“ segir Gígja að lokum.

olof@frettabladid.is



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

börn eiga rétt á vernd og umönnun

Þú getur **STÓLAÐ** á Höllina!



**BOSTON**  
Eikarspónlagt borðstofuborð  
Stærð: 160x90 cm með 2x50 cm stækkunum.

**15.990**  
VERÐ: 19.990

**BOSTON**  
BORÐSTOFUBORÐ  
**89.990**  
FULLT VERÐ: 119.990



**22.990**  
VERÐ: 27.990

**MANTONI**  
borðstofustóll, eikarfatur.  
Dökkt áklæði

**12.790**  
VERÐ: 15.990

**MATIZ**  
borðstofustóll, eikargrind.  
Svart PU-leður.



**17.990**  
VERÐ: 21.990

**NAOMI** borðstofustóll, eikarlappir. Grátt áklæði.



**23.990**  
VERÐ: 29.990

**TANGO** borðstofustóll, eikarlappir. Ljóst áklæði.



**13.590**  
VERÐ: 16.990

**JULIE** borðstofustóll, krómlappir.  
Litur: svart.



**13.990**  
VERÐ: 17.990

**CECILE** eldhússtóll.  
Svart leður.



**15.990**  
VERÐ: 19.990

**ANDREW** borðstofustóll. Svart, brúnt og hvítt leður.



**HÚSGAGNAHÖLLIN**  
– fyrir lifandi heimili –

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 & Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10-18, laugard. 11-16, sunnud. **LOKAÐ EITT SÍMANÚMER** 558 1100



Cheerios - 2 skálar  
Djús - 1 glas  
Banani - 1/2  
Vatn - 3 glös



**Póst : dreifing**

DREIFING: [dreifing@postdreifing.is](mailto:dreifing@postdreifing.is)  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jakob í borg englanna

Það er ekki oft sem tvær íslenskar poppstjörnur sjást snæða saman á hamborgarabúllu í Los Angeles. Sú var þó raunin þegar Jakob Frímann Magnússon, Stuðmaður og miðborgarstjóri, og poppgyðjan Svala Björgvinsdóttir hittust á skyndibitastaðnum In-N-Out Burger í borg englanna á dögunum.



Ef marka má komment Svölu við mynd af þeim vinum á Facebook er eitthvað epískt samstarf í upp-siglingu.

### Hljóp fimm kílómetra 1987

Mikill fjöldi landsmanna tók þátt í Reykjavíkumaraþoninu og keppast margir við að auglýsa glæsilegan árangur sinn á samskiptasíðunni Facebook. Útvarps- og sjónvarpsmaðurinn góðkunni Andri Freyr Viðarsson var ekki einn af þeim sem tóku þátt í hlaupinu að þessu sinni.

Svo virðist sem Andri hafi þó smitast af yfirlýsingaglöðum maraþonvinum sínum og birt mynd á Facebook af viðurkenningaskjali fyrir fimm kílómetra hlaup sem hann hljóp á því herrans ári 1987, þegar hann var nemandi í 1. bekk grunnskóla Reyðarfjarðar.



- hó

## Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Bjargaði börnum út úr bíl sekúndum áður en hann sökk
- 2 Gaddafi hélt börnum sem kynlífsþrælum
- 3 Fleiri svipmyndir frá menningarnótt
- 4 Svipmyndir frá menningarnótt
- 5 Óhugnanlegar myndir frá Sýrlandi

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

# VETUR BREYTINGA

Komdu og hlúðu að líkama og sál með okkur í Baðhúsinu.

Með KK-Eðaláskrift hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 8.890\* á mánuði.

Með þátttöku í KK klúbbum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma.

KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.



Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins kr. 8.890\* á mánuði;

Nýr Technogym tækjasalur! Zumba. Body Pump. Nýjung! Gravity workout. Detox-jóga. Nýjung! Pilates. Evu jóga. Grit. Nýjung! Power Spin&ABS. CxWorx. Hugleiðsla. Body Balance. Heitt jógaTóning. Djúpslökun. Salsa. Pallar. Leikfimi. Hot Jóga. Body Combat. Nýjung! Streitulosun. Tækjakennsla. Stórátak. Nýjung! Heilsuátak. FlexiFit. Hot BodyBalance. O. m. fl.

Auk þessa fylgja eftirfarandi fríðindi að verðmæti kr. 87.340;

- Árskort í Sundlaugar Reykjavíkur (ÍTR). - 2 tímar hjá einkapjálfa.
- Vikukort fyrir vinkonu.
- 5 stykkja booztkort. - Handklæði við hverja komu.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri. Komdu í Baðhúsið, breyttu til og hlúðu að sjálfri þér.

Öllum konum Baðhússins stendur til boða að segja upp áskrift með eins mánaðar fyrirvara í þeim mánuði sem flutningur í nýtt og glæsilegt húsnæði í Smáralind á sér stað. Ekki verður farið fram á þriggja mánaða uppsagnarfrest eins og samningar gera alla jafna ráð fyrir. Því eru engar konur Baðhússins bundnar þann mánuð sem flutningurinn á sér stað, telji þær nýju staðsetninguna ekki henta sér.

Nánari upplýsingar á [www.badhusid.is/kk](http://www.badhusid.is/kk)

Aðrar áskriftarleiðir einnig í boði frá kr. 5.990 á mánuði.

8.890\* á mánuði í KK áskriftarklúbbum, Eðaláskrift, lágmarkstími 12 mánuðir.

